

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MAÍ 2010

5. tbl. 17. árg.



**S. 581 15 15**

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



**Slökkvitækjaþjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

sjó, nú, prettán  
... milljónir



**HAPPA PRENNAN**  
Gammillíft að skafa



Þessa fallegu mynd tók Guðmundur Hafsteinsson, veðurfræðingur af Fella- og Hólakirkju þar sem hún speglast í tjörn sunnar kirkjunnar en Guðmundur er tengdafaðir Guðnýjar Einarsdóttur, organista kirkjunnar.

## Glæsileg tónleikaröð í sumar

Breiðhyllingar og aðrir borgarbúar mega búast við glæsilegri tónleikaröð í Fella- og Hólakirkju í sumar. Um er að ræða tónleikaröðina "Sumartóna í Elliðaárdal" sem hefst þann 23. júní næstkomandi. Í ár verður um ferna tónleikar að ræða sem fara fram á miðvikudagskvöldum.

Fyrstu tónleikarnir verða þann 23. júní þar sem organisti kirkjunnar, Guðný Einarsdóttir ríður á vaðið ásamt sópransöngkonunni

Svöfu Þórhallsdóttur. Þær munu flytja ýmsar aríur úr óperum og aðrar söngperlur en auk þess leikur Guðný einleik á orgelið. Trío Gunnars Hilmarssonar kemur 30. júní en það skipa auk Gunnars þeir Jóhann Guðmundsson á gítar og Leifur Gunnarsson á kontrabassi. Gestur kvöldsins verður Gréta Salóme Stefánsdóttir, fiðulleikari og munu þau flytja frönsk djasslög og aðra tónlist í anda Django Reinhardt.

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir orgelleikari og Eydís Franzdóttir óbóleikari verða með tónleika 7. júlí og munu flytja ýmis verk eftir m.a. Krebs, Rheinberger og fleiri. Síðustu tónleikarnir verða þann 14. júlí, en þá koma gestir alla leið frá Ástralíu. Það er kór St. Michael's Grammar School frá Melbourne sem skipaður er unglungum á aldrinum 13 til 18 ára og munu flytja mjög fjölbreytta og vandaða efnisskrá.

Lyfjaval

APÓTEK  
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK  
HÆÐASMÁRA 4  
opið 10-23 alla daga



**PIZZA  
HORNID**  
Dalbraut & Mjódd

OPNUNAR  
TILBOÐ

Stór pizza með 2 áleggjum  
á aðeins 1.000 kr. sótt í  
tílefni opunar á nýjum  
stað á Dalbraut 1

Gildir á báðum stöðum!

Hringdu núna í síma  
**57-12345**

Apótekið í Hólagarði er opið:  
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 Apótekið  
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

## Útsala á korngrísakjöti

Grillostur, Grískt jógúrt og Sýrður rjómi  
með graslauk og hvítlauk  
20 % afsláttur



Þín verslun fjölskyldubrauð  
kr. 199

Grillkjöt frá Fjallalambi  
20 % afsláttur



**Þín verslun**

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Eina kjötbordíð  
í Breiðholti

gæði  
úrval  
þjónusta

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.  
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík  
Sími: 511 1188 • 561 1594  
Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thord49@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

5. tbl. 17. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Hefnt í héraði

Þess sem misferst á Alþingi er hefnt í héraði. Þessi orð eiga við nú þegar Breiðhyllingar og aðrir borgarþingmenn ganga til borgarstjórnarkosninga á laugardaginn. Að þessu sinni fara kosningar fram við sérstakar aðstæður. Bankahrunið og efnahagskreppan hafa lamað atvinnulífið að hluta og óhugnanlegar upplýsingar hafa verið að berast fólki. Bæði úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda hrunsins og einnig fregnir sem hafa verið að berast frá skilanefndum föllnu bankanna og embætti sérstaks saksóknara um stjórnarhætti og meðferð fjármuna sem tæpast er hægt að líkja við annað en glæfralegt fjárhættuspil og jafnvel stórfellda sjálfstöku fjármuna.

Þótt fyrrum eigendur, stjórnendur og herra settir starfsmenn föllnu bankanna eigi þar marga og mikla sök geta stjórnálmenn ekki litið framhjá sínum þætti. Þeir sváfu á verðinum, jafnvel illa haldnir af meðvirkni og sungu á stundum útrásar- og bankasönginn háum rómi. Eftir hrunið hafa margir þeirra tregðast mjög við að viðurkenna ábyrgð sína og gangast við því ábyrgðarleysi og sofandahætti sem þeir sýndu. Þeir hafa reynt að skafa af höndum sínum, neitað að biðjast afsökunar og að hverfa sjálfviljugir á braut úr stjórnálmum. Að minnsta kosti um tíma. Stjórnálmflokkarnir hafa glatað meiru af trausti fólks en áður hefur þekkt og viðbrögð stjórnálmanna til þessa eru almennt ekki fallin til þess að afla þeim trausts eða virðingar á nýjan leik.

Kjóraðstæður hafa því skapast til þess að skopast með stjórnálmálin og lýðræðið og setja gjörning á svið eins og hópur listafólks í Reykjavík hefur nú gert og fær verðskuldaða jafnt sem óverðskuldaða athygli. En sveitarstjórnarmál eru ekki gjörningur heldur grafalvarleg mál. Þegar búið verður að kjósa verður ekki aftur snúið og ekki kosið fyrr en eftir fjögur ár. Engu verður breytt fyrr en að þeim tíma liðnum. Spurningar eru um hvernig þetta ágæta fólk muni bregðast við þegar alvaran tekur við af hinum leiknu atriðum. Hvort það er búið undir að takast á við þau erfiðu viðfangsefni sem bíða borgarstjórnar og annarra sveitarstjórna á næstu árum veit enginn um - eða hvort gjörningurinn muni halda áfram, hvort Disneyland verði sett upp í Vatnsmýrinni, hvort ísbjörninn mæti í Húsdýragarðinn á tilætluðum tíma eða Seltirningar rukkaðir fyrir að fara inn í Reykjavík. Hætt er þó við að grínið taki að kárna þegar fjögurra ára veruleiki við niðurskurð og samstarf við þunglamalegt embættismannakerfi borgarinnar tekur við. Kannski eru þeir "bestustu" aðeins farnir að svitna.

Stjórnálmálmenn geta sjálfum sér um kennt hvernig komið er. Þeir tóku fullan þátt í þeirri hjarðhegðun sem einkenndi tímabilið sem kennt er við áratálið 2007 og eru nú þátttakendur í mikilli ábyrgðarþynningu. Og þótt sofandahátturinn og síðar ábyrgðarleysið hafi einkum einkennt Alþingi þá geldur sveitarstjórnar fólk mistakanna engu að síður. Hefndin fer líka fram í héraði.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur  
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Í Hóla- og Fellahverfi tóku 23 formlega þátt í hreinsunarverkinu. Hér má sjá hluta hreinsunarfólks við Arahóla. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri er önnur frá vinstri.

## Hreinsunardagur í Breiðholti

Hverfisráð Breiðholts og íbúasamtökin Betra Breiðholt stóðu fyrir hreinsunardegi í Breiðholti í sunnudaginn 9. maí síðastliðin undir kjörorðinu „hugsamlegt útfyrir lóðarmörkin“ Sæmilega góð þátttaka var í þessu hreinsunarátaki, en hefði þó mátt vera betri, því af nógu var að taka.

Fólk kom saman á þremur stöðum, eða við Fjölbrotaskólann við Austurberg, Hverfisstöðinni við Jafnasel og Breiðholtsskóla. Þar var hreinsunarfólki afhentar ruslatínur og plastpokar. Í Hóla- og Fellahverfi tóku 23 formlega þátt í verkinu en fleiri komu þó þar að, sjá mátti fólk taka til hendinni á nokkrum stöðum. Helstu stofnbrotar voru hreinsaðar Höfðabakkinn að ljósum við Stekkjarbakka beggja vegna. Norður, Vestur og hluti Suðurhóla. Vesturberg, Austurberg og hluti að Hólabergi. Einnig leiðin frá Vesturbergi að Select. Göngustígur fyrir aftan sundlaugina var tekinn að hluta. Ekki náðist að hreinsa Norðurfellið eins og til stóð. Eins og oft áður var góð stemning í Arahólum 2 þar spilaði Þorvaldur Jónsson á harmonikku og þau eldri sáu um veitingar fyrir yngra fólki.

Í Selja- og Skógahverfi komu formlega að hreinsuninni um 14 manns og var þátttakan mest í austasta hluta hverfisins og var þar gengið rösklega til verka.

Í Bökkum – og Stekkjum tóku nú fullorðir ásamt tveimur börnum þátt í hreinsunaráttakinu.

Stjórnendur verksins lýstu yfir vonbrigðum með hvað fáir tóku þátt í átakinu. Stjórnendur átaksins í Bökkum- og Stekkjum létu í ljós þá skoðun að gera þyrfti allsherjaráttak í umgengni almennt í borginni. Það sé rusl út um allt og rusli hafi rignt yfir hreinsunarfólk á meðan á tínsu þess stóð.

Það hefur verið kvartað yfir hundaeigendum sem sumir hverir setja reyndar frálæg frá hundum sínum í plastpoka, en henda síðan pokunum á víðavangi þar sem þeir telja að lítið beri á.

Skorað er á hundaeigendur að hirða upp eftir hunda sína og koma því í ruslið, hvort sem er í næsta rusladall eða taka með sér heim.

Breiðhyllingar hafa ekki áhuga á slíkum úrgangi allra síst á úti-vistarsvæðum þar sem börn eru að leik. Ömurlegt að sjá plastpoka með hundaúrgangi liggjandi eins og hráviði víða um hverfið.

Því miður virðist vera einhver innbyggður sóðaskapur og virðingarleysi fyrir umhverfi sínu hjá Íslendingum. Fólk hikar ekki við að henda drasli út um bílglugga, eða bara þar sem það stendur án þess að láta sér detta til hugar að sú gerð sé kostnaður fyrir samfélagið

Ég kom fyrst til Þýskalands fyrir um 35 árum og hef margsinnis komið þangað síðan og dvalið um lengri eða skemmri tíma, oftast í litlum bæjum eða borgum sem teljast litlar á þýskan mælikvarða,

þótt sumar væru með álíka íbúafjölda og á Íslandi, en sjást þó varla á þýsku landakorti. Eitt það fyrsta sem ég tók eftir á sínum tíma var þessi snyrtimennska sem virtist allstaðar vera í hávegum höfð. Ég held að mismunurinn á Íslendingum og Þjóðverjum sé sá, að Þjóðverjar gera sér grein fyrir því að það kostar að sóða út í kringum sig, en Íslendingar virðast enga grein gera sér fyrir því að með því að henda drasli hvar sem er, er verið að búa til kostnað.

Ég tel að þetta sé eitthvað sem þarf að innræta börnum strax í leikskólum og skólum og síðan með endalausum áróðri fyrir bættari umgengni. Einnig, að sé fólk staðið að því að henda rusli á víðavangi kosti það fjárútlát fyrir það. Hverfisráð Breiðholts og íbúasamtökin Betra Breiðholt vona að þetta hreinsunaráttak verði árlegur viðburður í hverfinu okkar og íbúar fylgist vel með auglýsingum og á Breiðholt.is þegar fer að vora, hvenær hreinsun muni fara fram og að sem allra flestir taki þátt í átakinu. Því eins og máltækið segir „Margar hendur vinna létt verk“

Hverfisráð Breiðholts óskar íbúum Breiðholts gleðilegs sumars með ósk um góða umgengni um hverfið okkar svo það sé íbúunum þess til sóma.

Brynjar Fransson  
formaður hverfisráðs Breiðholts.

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

## Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skodaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**  
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgærd 1992-2000  
Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.280 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgærd 1997-2002  
Heildarverð, varahlutur og vinna: 43.780 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgærd 1998-2005  
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgærd 1997-2001  
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.469 kr.

Renault Kangoo 1,4 bensín Árgærd 1998-2005  
Heildarverð, varahlutur og vinna: 45.013 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Skodaðu www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.



Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00

# VELALAND

## Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

## Breiðholtsblaðið

borgarblod.is



## Það eru mikilvæg verkefni framundan í Breiðholti

Íbúar Breiðholts vita hversu miklu máli skiptir að Reykjavíkurborg sé vel rekin. Við verðum að standa áfram vörð um grunnþjónustuna í borginni, þannig að skattar verði ekki hækkaðir og gjöld verði áfram með þeim lægstu á landinu.

Næstu 4 ár eru mikilvæg. Leggjum aukna áherslu á nærumhverfi okkar og aukum áhrif íbúa með kosningu þeirra í hverfisráð, atkvæðagreiðslu um forgangsöröðun í fjárhagsáætlun og með beinni aðkomu að ákvarðanatöku.

Á kjörtímabilinu hafa nokkur mikilvæg mál komist í höfn í ykkar hverfi.

- ✗ Viðbyggingar voru reistar við Ölduselsskóla, Seljaskóla, Fjölbautaskólann í Breiðholti og leikskólann Hraunborg við Hraunberg.
- ✗ Eldra húsnæði Seljaskóla og hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar var endurskipulagt.
- ✗ Lóð var endurnýjuð við Hólabrekkuskóla.
- ✗ Gervigrasvöllur ÍR í Mjóddinni var tekinn í notkun.
- ✗ Glæsilegt félagshús Leiknis var byggt. Vellir lagfærðir, girðingar reistar og áhorfendasæti sett upp við keppnisvöll.
- ✗ Gönguleiðir skólabarna voru kortlagðar og gerðar öruggari.
- ✗ Upphitaðir sparkvellir með gervigrasi voru lagðir við Breiðholts- og Hólabrekkuskóla og í sumar við Ölduselsskóla.
- ✗ Glæsileg æskulýðsmiðstöð var opnuð í nýju húsnæði við Kleifarsel með frístundaheimili, sérkennsludeild og tónlistarskóla undir sama þaki.
- ✗ Unnið var að auknu öryggi á gönguleiðum skólabarna og gangandi vegfarenda, m.a. með lengingu 30 km/klst. svæða og úrbótum á hættulegum stöðum.
- ✗ Staðið var fyrir viðtæku hreinsunar- og viðhaldsátaki. M.a. var hreinsað til á opnum svæðum og gangstéttir voru endurnýjaðar, t.d. á löngum kafla við Arnarbakka.

Mörg spennandi verkefni bíða okkar á næsta kjörtímabili og ég hlakka til að vinna þau í nánú samráði við íbúa Breiðholts. Vinnum saman fyrir Reykjavík!

*Hanna Birna Kristjánsdóttir*  
Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri

## VIÐTALIÐ

# Skólastarf er mannrækt

**R**eynir Daníel Gunnarsson, skólastjóri Ölduselsskóla flutti ásamt fjölskyldu sinni í Breiðholtið 1972. Fyrstu árin bjuggu þau í Torfufellinu en byggðu sér síðan hús við Stuðlaseil í Seljahverfinu. Reynir Daníel hefur starfað að skólamáli á grunnskólastigi nær allan sinn starfsaldur, fyrst sem kennari, síðan yfirkennari og loks skólastjóri. Hann hefur því bæði fylgst með uppbyggingu Breiðholtsins og skólastarfsins þar. Ölduselsskóli náði einnig því takmarki á dögnum að fagna 35 ára afmæli. Breiðholtsblaðið spjallaði við Reyni Daníel í tilefni þessara tímamóta. Hann vék fyrst að upphafsárum sínum sem íbúi í Breiðholti en síðan að skólastarfinu.

“Við hjónin bjuggum fyrstu árin í Torfufelli og ákváðum síðan að byggja okkur hús í Seljahverfi. Við vorum með þeim fyrri að byggja þar. Fyrstu árin var hér hálfgerð sveit. Við byrjuðum að byggja 1976 og fluttum inn ári síðar. Ég hóf kennslu í Fellaskóla haustið 1973 og hef raunar starfað í Breiðholtshverfi alla tíð utan þrjú ár en eitt af þeim kenndi ég á Varmalandi í Borgarfirði. Ég varð yfirkennari 1985 og tók svo við skólastjórninni í Ölduselsskóla 1989.”

### Engin “taka tvö”

“Nei - ég er ekki Reykvíkingur. Ég er ættaður úr Rangarvallasýslu. Ég hef alltaf verið mikill sveitamaður í mér. Ég er enn með mikil tengsl við sveitina og á bæði hross og kindur fyrir austan. Við hjónin eigum jarðarpart í Landeyjunum og njótum þess að vera þar með börnum og barnabörnum. Ekki spillir fyrir að eiga þar góða nágranna. Eldgosið í vor kom illa við mig. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að einbeita sér að skólastarfinu að undanförunu eða festa hugann við verkefni vorsins hér í borginni. Hann hefur verið bundinn fyrir austan þar sem fólkið er að berjast við óskufallið og aðrar afleiðingar af gosinu.” Reynir Daníel víkur frekar að uppveiti sínum í Hvolhreppnum þar sem hann ólst upp fram að ferlingu í sveitinni hjá afa sínum og fósturu. “Afi kenndi mér margt og hann og þetta umhverfi hefur örugglega haft meiri mótunaráhrif á mig en ég gerði mér lengi grein fyrir þótt ég nyti ekki samvista við hann nema fram að ferlingu en hann féll frá í desember 1965. Þá flutti ég til foreldra minna og dvaldi þar fram á unglingsár en fór síðan til Reykjavíkur. Vegna þessarar reynslu minnar þá geri ég mér mjög vel grein fyrir því hvað afar og ömmur skipta miklu máli í uppeldi barna og unglunga. Við þurfum að muna að börn eiga bara eina æsku. Það er ekki hægt að snúa til baka og endurtaka eitt né neitt eða bæta upp síðar eitt-hvað sem börnin hafa farið á mis við. Í þessu efni er engin “taka tvö” til.

### Mikilvægt hlutverk stórfjölskyldunnar

“Mér finnst hlutverk eldri kynslóðarinnar, afans og ömmunnar vera almennt of lítið í samfélaginu. Þetta á sér eflaust ýmsar skýringar en mér finnst að við verðum að leggja áherslu á að auka þessi tengsl og styrkja þau eftir megni. Ég finn þetta líka vel í minni fjölskyldu. Við hjónin erum svo lán-

söm að eiga átta barnabörn - sjö stráka og eina stelpu og ég hef líka kynnst þessu vel í starfi mínu sem kennari og skólastjóri. Samheldni fjölskyldunnar er grundvallaratriði og ekki síst þegar einhverjir erfiðleikar steðja að. Þá er ekkert sem kemur í stað hennar og þeirra tengsla sem þurfa að vera á milli kynslóðanna.”

### Allt að tvö þúsund á skólaviðburðum

Reynir Daníel segir að þegar hið hefðbundna skólastarf er brotið upp, með viðburðum á borð við afmælishátíðir, uppskeruhátíðir, kynningar og aðra viðburði sem efnit er til í skólastarfinu og foreldrum er boðið þá sé mjög gaman að sjá að afar og ömmur komi oft líka til þess að fylgjast með því hvað barnabörnin eru að gera. “Það koma allt að tvö þúsund manns í skólann hjá okkur á svona viðburði. Þetta er skólastarfinu mjög mikilvægt og eflir tengslin við foreldra og aðra fjölskyldimeðlimi krakkanna. Þegar Ölduselsskóli varð 35 ára á dögnum fundum veð vel hvað hug fólk ber til skólans. Margir gamlir nemendur komu með fjölskyldur sínar, foreldrar nemenda og afar og ömmur létu sig ekki vanta”.

### Kennarastarfið nýtur virðingar

Reynir Daníel hóf að fást við kennslustörf haustið 1973. Hann segir að miklar breytingar hafði orðið á þeim tíma. Hann segir að þrátt fyrir allar breytingar sé eitt sem breytist ekki. Kennarinn verði alltaf í lykilhlutverki í skólastarfinu og árangurinn ræðst af því hvernig hann rækir sitt starf.



Reynir Daníel Gunnarsson.

Því byggir skólastarf á góðum og vel menntuðum kennurum með jákvæð viðhorf til barna og unglunga. “Af þessum sökum er það hlutverk okkar sem vinnum að skólastjórn að hlúa að kennanranum og veita honum þá þjónustu í starfi sem hann þarfnast. Rammi skólastarfsins er bundinn í lögum og reglugerðum. Fjáveitingar og nánari stefnumörkun er á vegum sveitarfélaga en framkvæmdin er í höndum starfsmannahóps hvers skóla. Stjórnendur þurfa að koma þeim sjónarmiðum á framfæri sem skólinn þarf og á að standa fyrir.” Reynir Daníel segir umgjörðina um starf grunnskólans víðast hvar vera mjög

*Afi kenndi mér margt og hann og þetta umhverfi hefur örugglega haft meiri mótunaráhrif á mig en ég gerði mér grein fyrir*

til fyrirmyndar þótt alltaf megi gera eitthvað betur. Grunnskólinn býi almennt við mjög gott húsnæði. Einnig góð námsgögn og hann segir að Námsgagnastofnun hafi staðið sig vel í hlutverki sínu að sjá grunnskólanum fyrir góðum námsgögnum. Kennarastarfið njóti virðingar þvert á það sem stundum sé haldið fram. “Þegar við ræðum við foreldra barna á grunnskólaaldri um börnin þeirra þá finnur maður fljótt hversu mikil áhersla er lögð á að börnin fái góða kennara. Það eitt staðfestir í raun og veru hve mikilvægt þetta starf er. Ég held að flestum sé mikilvægi kennarastarfsins ljóst. Ekki má gleyma að í grunnskólunum starfa fleiri en kennarar. Allir sem koma að skólasamfélaginu hafa mikilvægu hlutverki að gegna.”

### Skólastarf er mannrækt

Reynir Daníel segir að viðfangsefni kennara hafi breyst mjög mikið. “Nemendahópurinn sem kemur inn í grunnskólann í dag er fjölbreytilegri en áður. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða það án þess að geta vitnað beint í rannsóknir því til stuðnings. Þetta er byggt á tilfinningu minni eftir mörg ár á þessum vettvangi.” Reynir Daníel segir þetta bil bæði vera tengt þroska og örvun barna, af efnahagslegum toga en einnig tengt ólíkri menningu. “Þessi fjölbreytileiki krefst mikillar fjölbreytni í kennsluháttum og aukinnar fagmennsku hjá kennurum. Hver og einn nemandi á rétt á að fá kennslu við hæfi. Það getur verið snúið en engu að síður verðum við að gera okkar besta. Mín skoðun er að fagmennska hafi aukist í skólastarfinu og að kennarar séu meðvitaðri um hlutverk sitt og ábyrgð en áður var. Mér finnst þeir leita leiða til þess að koma til móts við hvern einstak-

ling í skólastarfinu. Ég held líka að kennarar í dag séu upplýstari um mikilvægi menntunar og að skólastarfið sé mannræktarstarf.” Uppeldisaðstæður barna og unglunga eru mjög mismunandi. Ég hef áhyggjur af því að börn og ungmenni missi tengsl við náttúruna. Hér verða foreldrar að hugsa vel um ábyrgð sína. Of mörg börn alast nánst eingöngu upp í manngerðu umhverfi. Þau eru á lóðum leikskóla, grunnskóla, leikvöllum, íþróttavöllum, húsaagötum, allstaðar í tilbúnu umhverfi. Þessu til viðbótar hrærast þau í óraunverulegum heimi tækninnar. Við megum ekki missa tengslin við sjálfa náttúruna.”


### Standa þarf vörð um verk- og listgreinar

Reynir Daníel segir kennarastarfið ætíð verða að byggjast á hugsjón. Orðið hugsjón er jákvætt orð. Hugsjónamennska er af hinu góða og við eigum að vera stolt af henni.” Reynir Daníel segir að núverandi efnahagsumhverfi þrenghi að skólastarfinu og muni óhjákvæmilega koma eitthvað niður á nemendum því draga verði úr þeirri þjónustu sem hægt var að veita á góðæristímanum. “Okkur skólastjórnendum var gert að spara á síðasta ári og skólarnir í Reykjavík brugðust mjög vel við með sparnaði. Vinna var lögð í hagræðingar og sparnaðarverkefni innan skólanna og sem skilaði góðum árangri. Sú sparnaðarkrafa sem nú blasir við verður miklu þyngri en sú fyrri vegna þess að ekki er hægt að beita sömu sparnaðaraðgerðunum tvisvar. Því verður á einhverjum tímapiunktum hætt að spara og sparnaðarverki breytist í niðurskurð. Eðlismunur er á því að hagræða og spara eða að skera niður. Skólastarfið er komið á þann stað í dag að ekki verður lengur hagrætt og nú verður að skera niður og ekki undan því vikist.” Reynir Daníel segir það gamlan og góðan sannleika að enginn eyði meiru en hann afli og því verði að bregðast við kröfunni um niðurskurðinn. “Við höfum lagt áherslu á að láta erfiðleikana bitna sem minnst á börnunum og ég held að það hafi tekist nokkuð vel. Þó eru líkur á að fjölga verði í námshópum. Ég tel að skólastjórnendur, kennarar og foreldrar verði að standa vörð um verk- og listgreinar í skólastarfinu. Í svona árferði er hætt á að dregið verði úr vægi þessara mikilvægu greina því þær eru dýrari. Þær krefjast meiri efniskaupa. Því væri miður ef þessar mikilvægu námsgreinar þurfa að líða fyrir efnahagsástandið vegna þess að færni fólks til verka og listsköpunar er mjög mikilvæg fyrir lífið. Af þessum sökum höfum við alltaf lagt mikla áherslu á þessar greinar. Ég get að lokum sagt frá því að í tilefni af 35 ára afmælinu í Ölduselsskóla var skapað nýtt listaverk þar sem allir innan skólans; nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn lögðu fram sinn skerf. Þetta listaverk er órói sem hangir í anddyri skólans og samanstendur af á milli 600 og 700 verum, fuglum af ýmsum toga og furðuverum þar sem hver einasti starfsmaður og nemandi á einn fugl eða eina veru. Seinna meir geta nemendur og starfsmenn gegnið að þessu verki og fundið fuglinn sinn eða veruna sína í þessu listaverki”.



Reynir Daníel Gunnarsson, skólastjóri eftir að hann hóf kennslu við Fellaskóla á áttunda áratugnum. Snjókaninn í baksýn er verk nemenda en talsvert snjóaði í Reykjavík á árunum á milli 1970 og 1980.

# Vekjum Reykjavík!



## KJÓSUM MEIRI KRAFT OG ÖRUGGA ATVINNU

Atvinnulausir Reykvíkingar hafa aldrei verið fleiri. Samfylkingin sættir sig ekki við það. Borgin þarf að vakna, taka forystu og beita öllu afli til að minnka atvinnuleysið og flýta endurreisninni.

Samfylkingin vill binda enda á aðgerðaleysið og hrinda markvissum og mikilvægum aðgerðum í framkvæmd.

1. Átak í nýsköpun og nýtingu á tómu húsnæði
2. Endurnýjun í eldri hverfum. **Byrjað verði í Breiðholti.**
3. Samstillt vaxtaráttak á öllu höfuðborgarsvæðinu
4. Tvöföldun viðhalds og auknar verklegar framkvæmdir
5. Vaxtaráttak í græna geiranum

Atvinnuleysi getur valdið miklu andlegu tjóni. Það er mikilvægt að liðsinna fólki í atvinnuleit betur og hlúa að félagslegri virkni.

Kynntu þér aðgerðaráætlun okkar á [xsreykjavik.is](http://xsreykjavik.is)

Samfylkingarfólk vill tryggja öllum tækifæri því þátttaka í samfélaginu á að vera meðfædd mannréttindi. Við sættum okkur aldrei við fátækt og félagslega mismunum einstaklinga og hópa. Reykjavík á að verða borg samgirnir.

Björk Vilhelmsdóttir, íbúi í Hólunum og frambjóðandi Samfylkingarinnar



Bjarni

Oddný

Dagur

Björk

Hjálmar

Þjóðin stendur nú á krossgötum og við verðum að ákveða hvert við viljum stefna. Baráttan gegn atvinnuleysinu er brýnasta málið í komandi kosningum. Atvinnumálastefna Samfylkingarinnar í Reykjavík er metnaðarfullt plagg sem er mikilvægt að komist til framkvæmda.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands



Mér líst vel á að menn hugsi út fyrir boxið til að skapa ný atvinnutækifæri. Fólk sem er án vinnu á kröfu á því að allt sé gert til að skapa því atvinnu sem fyrst.

Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri og formaður Samtaka verslunar og þjónustu



## ATVINNULEYSI ER DÝRT

Vinna og velferð eru órofa heild. Ef atvinnuleysi eykst um 1% kallar það á niðurskurð í þjónustu borgarinnar um 1 milljarð.

KOMUM VINNUFÚSUM HÖNDUM TIL STARFA.  
KJÓSUM SAMFYLKINGUNA!



# Skroppið að Flúðum



Gerðubergskórinn var að sjálfssögðu með í för og tók lagið í félagsheimilinu á Flúðum. Árni Ísleifsson er við píanóið.

Félagsstarf í Breiðholti hefur um árbil verið í tengslum við eldri borgara á landsbyggðinni m.a. með gagnkvæmum heimsóknunum og þátttöku viðburðum þar sem slegið er upp skemmtun með fjölbreyttri dagskrá, og kaffiveitingum að hætti heima-

mannna. Þann 29. apríl voru eldri borgarar í Hrunamannahreppi með aðsetur í Félagsheimilinu á Flúðum heimsóttir. Þau voru að ljúka sínu vetrarstarfi og buðu upp á fjölbreytta listmunasýningu, kór-söng og línudans. Góð þátttaka var og góður rómur, gerður dagamun með þessum hætti.



Vinningahafa IBBY að þessu sinni. Fr.v. Halldór Baldursson, myndlistarmaður, Iðunn Steinsdóttir, rithöfundur, Guðrún Dís Jónatansdóttir, forstöðumaður Gerðubergs og Kristín Arngrímsdóttir, myndlistarmaður ásamt dóttur sinni.

## Gerðuberg hlýtur viðurkenningu IBBY

Gerðuberg hefur hlotið viðurkenningu IBBY á Íslandi fyrir framlag sitt til barnamenningar hér á landi. Á Vorvindahátíð IBBY á Íslandi voru veittar fjórar viðurkenningar fyrir framlag til barnamenningar árið 2010. Fjórir aðilar hlutu viðurkenningu að þessu sinni en þær hlutu; Halldór Baldursson, myndlistarmaður, Iðunn Steinsdóttir, rithöfundur, Kristín Arngrímsdóttir, myndlistarmaður, og Menningarmiðstöðin Gerðuberg.

IBBY á Íslandi (The International Board on Books for Young People), hefur veitt viðurkenningar fyrir framlag einstaklinga og stofnana til barnamenningar frá árinu 1987 og er þetta mikill heiður og viðurkenning fyrir Gerðuberg sem frá upphafi hefur lagt mikinn metnað í að bjóða upp á viðburði jafnt fyrir börn, með börnum og um börn og þeirra menningu.

Það sem af er þessu ári hefur verið boðið upp fjölbreytta og vandaða dagskrá í Gerðubergi.

Frá janúar til maí hefur verið boðið upp á samtals 37 viðburði og þar af eru 15 sem tengjast barnamenningu. Í haust er síðan stefnt að því að setja upp lifandi og skemmtilega sýningu sem ætlað er að vekja áhuga og forvitni barna á sögum og persónum úr

norrænu goðafræðinni. Sýningin verður framlag Gerðubergs á Norrænni menningarhátíð sem haldin verður í Reykjavík í tengslum við þing Norðurlandaráðs í

kringum mánaðarmótin október/nóvember. Í tengslum við sýninguna verður boðið upp á leiðsögn, námskeið o.fl. sem tengist norrænu goðafræðinni.

## NOTUÐ FÖT - NÝTT HLUTVERK

Í Rauðakrossbúðunum má ávallt finna eitthvað skemmtilegt og smart.

*Kjólar, skór, buxur, skyrtur og margt fleira.*

Rauðakrossbúðirnar: Laugavegi 12,  
Laugavegi 116,  
Mjódd,  
Strandgötu 24.

Munið Fatasöfnunardaginn 5. júní.

 **Rauði kross Íslands**  
Fatasöfnun

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)



Rúnar  
Geirmundsson



Sigurður  
Rúnarsson



Elís  
Rúnarsson

## Þegar andlát ber að

Síðastliðin 20 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

[www.utfarir.is](http://www.utfarir.is) • [utfarir@utfarir.is](mailto:utfarir@utfarir.is)



Útfararþjónustan ehf.  
Stofnað 1990



Komdu í þægilegt og gott umhverfi

**MJÓDDIÐ**



# Göngumessurnar að hefjast

Nú eru göngumessurnar að hefjast. Í byrjun sumars verður boðið upp á gönguferðir um Breiðholtið. Það eru kirkjurnar í hverfinu sem hafa frumkvæðið að þessum gönguferðum sem eiga það allar sameiginlegt að byrja og enda við kirkju. Þetta er annað árið í röð sem boðið er upp á slíkar göngur og má með sanni segja að framtakid hafi fengið góðar viðtökur í fyrra.

Fyrsta gangan verður sunnu-

daginn 30. maí. Þá verður gengið frá Fella- og Hólakirkju kl.10 og gengið að Breiðholtskirkju þar sem messað verður klukkan 11:00 og boðið verður upp á hressingu að messu lokinni. Sunnudaginn 6. júní verður gengið frá Breiðholtskirkju kl.19:00 til kvöldmessu í Seljakirkju sem byrjar kl. 20:00. Síðasta gangan verður sunnudaginn 13. júní en þá verður lagt af stað frá Seljakirkju og gengið til kvöldmessu í Fella- og Hólakirkju sem hefst kl.

20:00. Ekið verður með göngufólk til baka að þeirri kirkju sem göngurnar hófust þegar allir hafa þegið hressingu eftir messurnar. Þessar göngumessur eru liður í auknu samstarfi safnaðanna sem sameinast um helgi-hald þessa daga. Að sögn Nínu Bjargar Vilhelmsdóttir, djákni í Breiðholtskirkju eru göngurnar tilvalið tækifæri til að sameina góða hreyfingu, andlega næringu og góðan félagsskap.



Sumarfeegurð í Breiðholti.

## Breiðholts-sýningar í Gerðubergi

Um síðastliðna helgi voru opnaðar tvær ljósmyndasýningar í Gerðubergi. Önnur þeirra ber heitið Breiðholt í augnablikinu og má á þeirri sýningu sjá ljósmyndir Friðgeirs Helgasonar sem fjallað var um í síðasta Breiðholtsblaði. Friðgeir Helgason bjó í Breiðholtinu sem barn og gekk í Fellaskóla. Hann er því nokkuð viss um að þekja sjálfan sig á einni myndinni þar sem börn eru að leik í Keilufellinu en hann bjó þar í Viðlagasjóðshúsi eftir Vestmannaeyjagosið 1973.

Það sem fyrir augu ber eru framkvæmdir og fullbúin hús, börn að leik og fólk að störfum. Mannlífið eins og Friðgeri skoðar það í gegnum linsu sína. Tíðarandinn skín vel í gegn á þessum stóru svart hvítu ljósmyndum. Einstaka persónur á myndunum eru nafngreindar en langflestar þeirra óþekktar og nafnlausar. Gestum gefst kostur á að koma á framfæri upplýsingum þekki það fólkið á myndunum – þekkir þú einhvern? Sýningin stendur frá 16. maí til 30. júní 2010 og er opin virka daga kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-16. Athugið lokað er um helgar í júní.

Hin sýningin ber yfirskriftina Breiðholt í upphafi. Á þeirri sýningu má sjá myndir úr safni Ljósmyndasafns Reykjavíkur sem teknar eru í Breiðholti á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Myndefnið er fjölbreytilegt en við val ljósmynda á sýninguna var haft að leiðarljósi að sýna uppbyggingu hverfisins og fyrstu íbúana.

elsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrireyfingin - grænt framboð vill byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag grundvallað á virkri þátttöku almennings. Hreyfingin hafnar alræði markaðshyggjunnar og vill varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og foræði yfir eigin auðlindum. Vinstrireyfingin - grænt framboð vill binda enda á hressu í landinu og aðild að hernæðisríkjunum, en leggur áherslu á að eiga gott og frjósamlegt samstarf við allar þjóðir, vernda náttúru og umhverfi landsins og tryggja sjálfbærna þróun samfélagsins. ... // Sjá meira á [www.vg.is/steinn/](http://www.vg.is/steinn/)

# Aukum aðkomu íbúanna að stjórnun borgarinnar í gegnum öflugri hverfisráð

Aukum lýðræðislega aðkomu íbúanna að stjórnun borgarinnar og þátttöku almennings í mótun umhverfis og samfélags. Veitum hverfisráðum raunverulegt umboð til forgangsröðunar og ákvarðanatöku í sínu hverfi. Stöðjum frumkvæði íbúanna og eflum samráð við íþrótt- og æskulýðsfélög, foreldrafélög og önnur grasrótarsamtök sem starf á félagslegum forsendum. Nýtum Netið og rafræna stjórnsýslu til að auka upplýsingagjöf og þátttöku.



Verið öll velkomin!

Komdu í heimsókn á kosningaskrifstofu Vinstri grænna í Reykjavík að Suðurgötu 10.

Það er opið kl. 13-18 alla daga.

Við erum ávallt til viðræðu um málefni borgarinnar, framtíðarsýn okkar og hugmyndir – og að sjálfsögðu er alltaf heitt á könnunni.

**Gerðu góðverk í dag**  
 907 2002  
 Hjálparstarf kirkjunnar  
[www.help.is](http://www.help.is)

**HYSIR.IS**

náttúruvernd    traust    virðing    menntun    velferð  
 framsýni

**VINSTRI GRÆN**  
 –vegur til framtíðar

# Blómstraðu og njóttu – örnámskeið í Seljakirkju

Blómstraðu og njóttu þess að vera þú kallast örnámskeið sem haldið verður í Seljakirkju miðvikudagskvöldið 2. júní 2010 kl. 19:30 til 21:30. Námskeiðið er fyrir konurnar í hverfinu og vinkonur þeirra. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Jóna Björg Sætran M.Ed., menntunarfræðingur og markþjálfari. Þátttaka er ókeypis en það er nauðsynlegt að tilkynna þátttöku með tölvupósti á [blomstradu@blomstradu.net](mailto:blomstradu@blomstradu.net) eða með því að hringja í s. 899 4023. Konurnar eru hvattar til að hafa með sér minnisbók og penna. Þá má lesa um örnámskeiðið á [www.blomstradu.net](http://www.blomstradu.net)



Jóna Björg Sætran.

Jóna Björg segir að þegar fólk vilji kalla fram jákvæðar breytingar í líf sínu þá sé mikilvægasta úrræðið og það dýrmætasta að finna innra með sér. "Þetta afl felst í eigin mætti, tilfinningum, því hvernig hver og einn hugsar um sjálfan sig, lífið og tilveruna. Maður er sjálfur sterkasta aflið til að snúa aðstæðum sér í hag. Aðeins manni sjálfum er kunnugt um hvað maður vill og hver og einn ber ábyrgð á lífsamingju sinni. Fólk er oft miklu sterkara en það hefur haldið, fólk er svo frábært og það getur valið næstu skref." Meðal þess sem unnið verður með á námskeið-

inu er: jákvæð sálfræði, árangursfræði, sjálfsefning, sjálfstraust, uppbyggileg samtalstækni, öflug markmiðasetning, jákvæðar staðhæfingar, hvað vil ég fást við og markmiðamyndir. Efni örnámskeiðsins byggir á námskeiðum Jónu Bjargar, Blómstraðu - Njóttu þess að vera þú, sem hún hefur verið með frá því 2004 bæði fyrir einstaklinga og einnig fyrir ýms fyrirtæki og stofnanir.

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)



## ÆTLAR ÞÚ AÐ NÝTA SUMARIÐ VEL?

Um 90 áfangar í boði  
Staðbundið nám og dreifnám  
Kennt frá kl. 17:30 á daginn  
Kennt til 24. júní  
Próf 25., 28. og 29. júní  
Nám fyrir nemendur í 10. bekk hefst 4. júní

Sumarskólinn í FB  
[www.fb.is](http://www.fb.is)



Tónlistaratriði á afmæli Ölduselsskóla. Ingó Veðurguð með gítarinn á sviðinu.

# Ölduselsskóli 35 ára

Ölduselsskóli er 35 ára. Þess var minnst laugardaginn 8. maí sl. en þá var haldin afmælishátíð í skólanum í tilefni þessa tímamóta í starfi hans. Margt var til gamans gert. Hátíðardagskrá var flutt á sal skólans og þar einnig afhjúpað var nýtt afmælislistaverk. Allir nemendur og starfsmenn skólans bjuggu til fljúgandi verur úr leir sem voru hengdar á vír og mynda núna stóran óróa í anddyri skólans.

Á hátíðinni sýndu nemendur ýmsa hæfileika s.s. söng, dans og ljóðalestur. Fluttur var nýr skólasöngur sem Haraldur Reynisson, tónmenntarkennari skólans samdi. Um allan skólann var sýning á verkum nemenda og hinar ýmsu uppákomur í stofum. Boðið var upp á afmælisöku og myndasýningu í íþróttasal skólans. Á útisvæði var boðið upp á pylsur og drykki, auk þess voru hoppukastalar fyrir yngri kynslóðina. Ingó Veðurguð sló svo botninn

í hátíðina. Sjón er sögu ríkari og einnig er rætt við Reyni Daniel Gunnarsson, skólastjóra í blaðinu í tilefni af afmælinu.



Afmælislistaverkið – órói úr fljúgandi verum úr leir sem nemendur og starfsmenn skólans gerðu allir með tölu.



Reynir Daniel Gunnarsson, skólastjóri tekur við blómverndi úr hendi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra.



Nemendur og gestir nutu veitinga undir berum himni – að sjálfsgöðu var efnt til pylsupartýs við skólann í tilefni dagsins.





Sólblóm  
795kr



Frábær  
Stjúputilboð



4 saman  
Mini Tóbakshorn & Margairta  
1.750kr

**ATHUGIÐ!** 

Öll sumarblóm í  
Garðheimum eru  
íslensk ræktuð



Tóbakshorn  
650kr



Hengibrúðarauga  
650kr



10 saman öll í höfna-  
hökkum  
Silfurkambur, Daggarbrá  
Alisur og Stjúpur  
950kr

# SUMARBLÓMATILBOÐ



Helgarbúntíð  
1.975kr



4 saman  
Matjurtir  
340kr



Mold og túnpökur í kerruna

leigjum líka út kerrur

Gott úrval af tækjum svo sem:

- Minigröfur
- Kerrur
- Beltavagnar
- Keðjusagir
- Hekklippur
- Mosatætarar
- Laufsugur
- Alls kyns garðvinnutæki



GARDHEIMAR

allt í garðinn  
á einum stað!

Stekkjarbakka 6 | sími 540 3300  
www.gardheimar.is

# Dagný, Katrín Ósk og Margrét Lilja sigruðu í matreiðslukeppni í Hólabrekkuskóla

Matreiðslukeppni Hólabrekkuskóla fyrir 8., 9. og 10. bekk var haldin 7. maí sl. Sjö lið tóku þátt í keppninni og voru þrjú nemendur í hverju liði. Liðin áttu að elda aðalrétt úr lambahryggvöðva (file) og eftirrétturinn var súkkulaðieftirréttur (desert).

Veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin. Meistarakokkar skólans eða sigurliðið var skipað þeim; Dagnýju Kristjánsdóttur, Katrínu Ósk Einarsdóttur og Margrétu Lilju Arnarsdóttur, nemendum í 9. bekk. Sigurliðinu verður boðið út að borða á Argentínu steikhús, sem jafnframt var styrktaraðili keppinnar ásamt Ikea, Forlaginu, Erni og Örlygi, Sölu forlagi og Skjaldborg. Þá fegnu vinningshafar viðurkenningarskjal og þrjú efstu sætin verðlaunapening. Dómarar í keppninni voru: Sigríður Bragadóttir frá Gestgjafanum, Sigurður Þorbergur Sigurðsson, matsveinn frá Kjarnafæði, Bergsveinn Árelíusson frá Ölgerðinni og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri skólans. Keppnin var að öllu leyti stórglæsileg og leikur enginn vafi á því að þar eru margir framtíðar-meistarakokkar á ferðinni.

## Vona að matreiðslukeppnin verði árviss

Upphafsmáður að þessari keppni er Sigurður Lingdal, sem lengi starfaði sem kennari við Hólabrekkuskóla en starfar þar nú sem forfallakennari á eftirlaunum. Sigurður sagði í samtali við Breiðholtsblaðið hafa farið af stað með þessa keppni til þess að auka fjölbreytnina í skólastarfinu og einnig til þess að tengja það betur atvinnulífinu. "Á löngum ferli mínum sem kennara hefur mér stundum fundist að skólaheimurinn væri of einangraður frá hinu daglega lífi utan skólaveggjanna. Hann miðast oft mikið við námskrána og námsefnið en að mínum dómi er ekki farið nægilega mikið út fyrir það í skólastarfi. Það er mín skoðun að krökkum sé nauðsynlegt að kynna fleiri hliðum á mannlífinu en þeim sem snúa lestri námsbókanna og umfjöllum um námsefnið. Þrátt fyrir ágætt námsefni þá er það of takmarkandi – einkum þegar kemur að tengslum við atvinnulífið." Sigurður segir að viðburður á borð við matreiðslukeppnina kosti alltaf nokkra vinnu. "Við þurfum að fá samstarfsaðila sem leggja okkur



Hluti verðlaunahafa með verðlaunagripum.



Einbeitingin við matargerðina leynir sér ekki.

til efni í matinn og síðan verðlaun. Mér fannst að verðlaunin þyrftu að tengjast viðfangsefninu sem í þessu tilfelli var matreiðsla og hafði því samband við þau bókaforlög sem höfðu nýlega gefið út bækur um þetta efni. Þau tóku mjög vel í málaleitan mína og eins var um þau fyrirtæki sem lögðu til hráefni." Sigurður segir að ef til

vill sé það fyrirhöfnin sem valdi því að skólar sinni þessum þætti ekki eins og þyrfti. "Þetta er ekki inni í kennsluprógramminu og maður er að gera þetta meira og minna utan vinnutíma. Þetta er svona hugsjónastarf en nú er ég að vona að matreiðslukeppnin sé orðin föst í sessi sem árlegur viðburður í Hólabrekkuskóla.



## Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- ✿ mikið úrval trjáa og runna, fjölargra plantna og harðgerra sumarblóma
- ✿ plönturnar í matjurtagardinn
- ✿ mold, áburð, ker og potta
- ✿ góða þjónustu og faglega ráðgjöf



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383  
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bilastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



Körfuboltastelpurnar með Bonny þjálfara sínum.

## Körfuboltastelpur á leið til Danmerkur

Stelpurnar í 8. og 9. flokki í körfuboltanum hjá ÍR hafa staðið sig vel í vetur. Þær æfa fjórum sinnum í viku og eru nú á fullu að safna fyrir æfingiferð sem þær fara í sumar eða þann 23. júní til Danmerkur.

Stelpurnar hafa verið duglegar að safna fyrir ferðinni, þær hafa selt eitt og annað, gengið í hús og safnað flöskum, selt lakkris, wc pappír, bingó, haldið kókubasar og fatamarkað í Mjóddinni og 14. maí spiluðu þær körfubolta maraþon í ÍR heimilunu í 12 tíma og söfnuðu áheitum. Þar var mikið fjör og stóðu þær sig rosa vel og spiluðu af miklum krafti allan tímann en Bonny þjálfari þeirra var með þeim og fylgdist með allan tímann. Þær fengu við og við pásu en nýttu hana ekki sem skildi því það var svo gaman hjá þeim. Þær hafa fengið góðar viðtökur í húsum í Selja- og Bakkahverfi

s.s verið vel studdar af hverfisbúum. Ein skemmtileg saga er af því þegar þær fóru í flöskusöfnin í Bakkahverfinu. Þar var maður sem sagðist bara eiga eina flösku og hvort þær vildu fá hana. Auðvitað sögðu þær já, maðurinn kom með flöskuna og í henni var fullt af smápening sem taldi 1.828 kr. Margt smátt gerir eitt stórt og full ástæða er að þakka hverfisbúum stuðninginn við stelpurnar. Stelpurnar hafa líka staðið sig vel í riðlakeppninni í vetur. Þær hafa tvisvar komist upp í A riðil en eru nú aftur í B riðli en stefnan er aftur tekin á A riðil því mikill metnaður í gangi og stefnt að meistaraflokki seinna meir. Þá má geta þess að foreldrahópurinn er mjög öflugur og þetta er líka skemmtilegt fyrir þá þar sem foreldrar kynna og góð vinatengsl myndast.

## Myndlistarskóli Kópavogs

Smiðjuvegi 74, Gul gata, 200 Kópavogi  
www.myndlistaskoli.is

### Myndlist sumarnám

Sumarnámskeiðin vinsælu í Myndlistarskóla Kópavogs verða 7. – 15. júní.

Barnahópar 6 – 9 ára f.h. 9. - 15. júní,  
15 kennslust. Verð kr. 13.500.-  
e.h. 9.- 15. júní, 10 kennslust.  
Verð kr. 9.000.-

Unglingah. 10 – 14 ára f.h. 9. - 15. júní,  
15 kennslust. Verð kr. 13.500.-

Unglingah. 12 – 15 ára e.h. 9. - 15. júní,  
10 kennslust. Verð kr. 9.000.-

Fullorðinshópar: olíumálun, vatnslitamálun,  
teiknun og pastellitun.

Val um tíma f.h. eða e.h. vikuna 7. – 11. júní.  
sjá nánar stundaskrá á vefsíðu skólans.

Innritun stendur yfir á skrifstofutíma  
kl. 15:00 – 18:00 frá mánudegi til fimmtudags  
eða í síma 564 1134, 564 1195, 863 3934.

# Gott að búa í Breiðholti

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Breiðhyltingur, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur og fyrrum borgarstjóri í Reykjavík lætur af störfum í borgarstjórn að loknum kosningunum eftir nokkra daga. Hann hefur starfað að borgarmálum í nær þrjú áratugi og Breiðholtsblaðinu forvitni á að grennslast um hvað honum væri efst í huga á þessum tímabótum.

“Mér er efst í huga þakklæti fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna að fjölbreyttum uppbyggingar- og hagsmunamálum borgarinnar og borgarbúa. Ég hef í störfum mínum kynnst og eignast kunningsskap eða vináttu fjölmargra borgarbúa, borgarfulltrúa, embættismanna og annarra starfsmanna borgarinnar. Starf borgarfulltrúa er afar víðtækt og í borgarstjórn hef ég tekið þátt í nánast öllum viðfangsefnum sem borgarmálin snúast um. Seta í borgarráði í 24 ár, starf borgarstjóra og forseta borgarstjórnar hafa enn frekar skapað mér tækifæri til þess. Sem borgarfulltrúi var ég einnig formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í 16 ár og kynntist þannig fólki víða á landsbyggðinni og viðfangsefnum annarra sveitarfélaga í landinu.”

## Skipulagasmálin eftirminnilegust

Hvað er Vilhjálmi eftirminnilegast frá þessum tíma. Hann hugsar sig aðeins um en fer svo að ræða um skipulagsmálin. “Þegar ég tók við störfum í borgarstjórn í júní 1982 var ég kosinn formaður skipulagsnefndar. Stærsta verkefnið sem ég tókst á við í upphafi var skipulag byggðar í Grafarvogi. Í samræmi við kosningaloforð okkar sjálfstæðismanna var strax um sumarið byrjað á 1. áfanga, sem var Foldahverfið. Tveim árum síðar, eða árið 1984, fluttu fyrstu íbúarnir inn í hverfið. Síðan tók við hvert skipulagsverkefnið á fætur öðru, m.a. skipulag Skúlagötusvæðisins, en um það urðu mikla deilur. Sama má segja um byggingu Perlunnar og Ráðhússins. Í dag tel ég að flestir séu sáttir við þessa uppbyggingu. Ég var 12 ár formaður skipulagsnefndar og hef síðan fylgst vel með þessum málaflökki. Liggur við að ég þekki í dag velflestar götur í Reykjavík.”

## Grettsitak í umhverfismálum og fleiru

Þá viku talinu að öðrum málafnu sem Vilhjálmur telur að þokast hafi í rétta átt á þessum tíma. “Ég held að óhætt sé að fullyrða að á þessum tíma hafi verið lyft grettistaki í umhverfismálum, málefnum eldri borgara og skólumálum almennt, ekki síst eftir að sveitarfélögin tóku yfir allan rekstur grunnskólans 1996. Íbúafjöldinn hefur vaxið úr 84 þúsund íbúum í u.þ.b.120 þúsund og á sama tíma hefur velferðarþjónustan í borgin eflast verulega. Reykjavíkurborg stendur traustum fótum fjárhagslega og ársreikningar borgarinnar á því kjörtímabili sem senn er að ljúka sýna að fjármálastjórnin hefur verið styrk og aðhalds og fyrirbyggju gætt í fjármálum borgarinnar.” Vilhjálmur segir að ábyrg fjármálastjórn sé algjört grundvallaratriði þess að hér sé hægt að halda uppi þeirri



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson þá borgarstjóri í Reykjavík í heimsókn hjá hjónunum Ófeigi Björnssyni, gullsmið og myndhöggvara og konu hans Hildi Bolladóttir í tilefni af blómadegi á Skóalvörðustígnum en þau reka gullsmiðju og listmunahús við Skóalvörðustíg 5.

**Ég held að það sé óhætt að fullyrða að á þessum tíma hafi verið lyft grettistaki í umhverfismálum, málefnum eldri borgara og skólumálum almennt “**

velferðarþjónustu sem við viljum veita íbúum og jafnframt standa að nauðsynlegum framkvæmdum sem bæta mannlífið í Reykjavík. “Reykjavíkurborg ber enga ábyrgð á því efnahagshruni sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Ef ríkisstjórnir, bankamenn og ýmsir fjársýslumenn hefðu sýnt sömu fyrirhyggju við fjármálastjórnina og gert hefur verið í Reykjavík væri staða landsins allt önnur.”

## Gott að búa í Breiðholti

Vilhjálmur hefur búið í Breiðholtinu allan þann tíma sem hann hefur unnið að borgarmálum og fylgst með þessu stóra hverfi vaxa og dafna. Hvernig finnst honum Breiðholtið hafa staðið sig ef þannig má taka til orða. “Já, ég hef búið í Breiðholtinu í 30 ár og finnst hverfið í heild sinni fallett og notalegt. Það er gott að búa í Breiðholti og hverfið hefur upp á fjölmarga frábæra kosti að bjóða. Þegar ég lít til baka finnst mér hverfið hafa staðið sig vel. Þar hefur verið tekið á ýmsum mikilvægum samfélagslegum úrlausn-

**Það er gott að búa í Breiðholti og hverfið hefur upp á fjölmarga kosti að bjóða**

arefnum af mikilli festu. Auðvitað er þar eitt og annað sem má efla og styrkja og að því verður áfram unnið. Mannlíf og byggð í Breiðholti hefur þróast með jákvæðum og öflugum hætti. Breiðholtíð er að hluta til umlukið einni fegurstu náttúrperlu Reykjavíkur, Elliðaárdalnum, og fallegum dalverpum og útivistarsvæðum. Nálægðin við dalinn og vel skipulagðir göngu- og hjólréiðastígar, bæði í byggð og utan byggðar, skapa einstaka möguleika til útivistar- og tómstundaiðkana. Skólastarf, félags- og menningarlíf og íþrótt- og tómstundastarf er þar mjög öflugt. Einnig er unnið gott starf í félagsmiðstöðinni í Árskógum og þjónustumiðstöð borgarinnar í Mjóddinni. Menningarmiðstöðin og félagsmiðstöð fyrir eldri borgara í Gerðubergi gegna stóru hlutverki fyrir Breiðholtsbúa. Hefur hin fjölbreytta starfsemin þar, ekki síst í þágu félagsstarfs eldri borgara, notið mikilla vinsælda. Nú er í undirbúningi bygging 49 þjónustuíbúða fyrir eldri borgara í tengslum við félagsmiðstöðina, þar sem félag eldri borgara í Reykjavík í samstarfi við borgaryfirvöld, stendur fyrir framkvæmdum.” Vilhjálmur segir að fjölmörg hagsmunamál hverfisins hafi verið leidd til lykta á kjörtímabilinu og mörg önnur verkefni eru á framkvæmdaáætlun borgarinnar á þessu ári. “Mikilvægt er að allir borgarfulltrúar hafi góða innsýn í hagsmuna- og baráttumál allra borgarhverfa og gefi sér sífellt tíma til að kynna sér þau. Þannig geta þeir best þjónað hlutverki sínu sem borgarfulltrúar og látið gott af sér leiða í nánú samstarfi við íbúana. Ég vil þakka þeim fjölmörgu Breiðholtsbúum sem ég hef starfað náið með og öðrum þeim sem ég hef tengst í starfi mínu sem borgarfulltrúi fyrir góð kynni og ánægjulegt samstarf í þágu málefna Breiðholts. Ég óska íbúum í Breiðholti gleðilegs sumars og farsældar í lífi og starfi.



Ólafur og Kolbrún leiða H-lista framboð um heiðarleika



**Mister-Dog**  
Hundafóður

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)



**ER LÍFIÐ ERFITT?  
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS  
ER OPINN 1717**

# Einn fjölmennasti skóli landsins



Boðið er upp á rúmlega 90 áfanga í Sumarskólanum í FB. Hér má sjá nokkra nemendur í eðlisfræði.

Sumarskólinn í FB verður starfræktur í sumar eins og mörg undanfarin ár. Sífell fleiri nemendur sækja nám við skólann, en þeir voru rúmlega 1350 talsins síðasta sumar og hafði þá fjölgað um rúmlega 200 nemendur frá sumrinu á undan. Kennsla í skólanum hefst 27. maí og skólaslitin eru svo 30. júní. Skólinn er nk. kvöldskóli, en kennsla hefst kl. 17:30 á daginn.

Boðið er upp á yfir 90 áfanga í skólanum og fer þeim einnig fjölgandi með árunum. Meðal kennslugreina má nefna alla almenna áfanga, s.s. íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, þýsku, spænsku, bókfærslu, allar raungreinar, félagsgreinar, viðskiptafræði, markaðsfræði, sagnfræði, fjölmiðlun, upplýsinga- og tölvufræði og m.fl. Auk þess er boðið upp á nám fyrir nemendur úr 10. bekk sem vilja bæta árangur sinn úr grunnskóla, en boðið er upp á dönsku og stærðfræði fyrir þessa nemendur.

Magnús Ingvason, forstöðumaður skólans segir nokkra mis-

munandi hópa koma í skólann. Þetta séu framhaldsskólanemendur sem vilja flýta fyrir sér í námi, nemendur sem hefur ekki gengið sem skyldi í vetur og vilja vinna það upp, nemendur sem hyggja á háskólanám í haust og vilja undirbúa sig betur, nemendur úr 10. bekk sem vilja og þurfa að undirbúa sig betur fyrir framhaldsskólanám og loks almenningur sem hefur áhuga á einstökum áföngum.

Magnús segir að lokum að viðtökurnar við sumarskólanum séu mjög góðar og mörgum finnst frábært að boðið sé upp á kennslu á sumrin, en námið sækja nemendur úr öllum borgarhverfum og af öllu landinu. Mjög mikil aukning sé af nemendum af landsbyggðinni þar sem fjarnámstækifærum hefur fækkað talsvert að undanförmu.

Ennþá er hægt að innrita sig í skólann, en áhugasömum er bent á að finna má frekari upplýsingar um Sumarskólann í FB á [www.fb.is](http://www.fb.is).

# Margt að gerast í Miðbergi

Mikið er búið að vera um skemmtilega viðburði í Miðbergi undanfarið og mikið líf og fjör í bæði barna- og unglingastarfi.

Miðberg var þátttakandi í Barnamenningarhátíð og meðal verkefni sem við stóðum fyrir í samvinnu við frístundaheimilin voru Friðatrönurnar sem voru hengdar upp á tré í Miðbergi. Við settum okkur það markmið að börn frístundaheimila ásamt gestum og gangandi myndu ná að gera eitt þúsund trönur. Við náðum að búa til 1060 trönur sem hengdar voru á trén.

Einnig þá stóðum við fyrir flísalistaverki í samvinnu við Breiðholtslaug. Listaverkið fékk nafnið Forvitni veggurinn og var öllum boðið að koma og skrifa spurningar á flís sem síðan voru festar á þar til gerðan vegg. Þetta gekk svona ljómandi vel og eftir stendur þetta flotta listaverk sem verður til sýnis í sundlauginni út maí. Frístundaheimilin voru með sameiginlegan stórleikjadag. Þar komu öll börnin úr frístund saman á grasflötinni við Hólmasel. Var mikið fjör í skemmtilegum leikjum og svo voru grillaðar pylsur. Börnin gengu á milli leikja og fengu sér pylsur á milli stöðva.



Hópleikur á stórleikjadegi frístundaheimilanna.



Börn frá Vinaheimum að setja friðatrönur á tréið í Miðbergi.

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

## Veiðikortið 2010

Veiddu í 32 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins

**6.000 kr.**

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti



Nánari upplýsingar á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

Fæst hjá N1, veiðibúðum, [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is) og víðar! Frí heimsending þegar keypt er á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

## Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandiinn ákveði upphæðina og viðtakandiinn velji gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.




GJAFAKORT | [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is) | 410 4000

 Landsbankinn

# Hólmstokk og margt fleira skemmtilegt

Fjölskylduhátíðin Hólmstokk verður haldin á ÍR-vellinum í Breiðholti þann 28. maí næstkomandi. Þetta eru styrktartónleikar og rennur allur ágóði til barna- og unglingsdeilda Landspítalans og Barnahúss. Unglingar í Breiðholti höfðu frumkvæði að styrkja þessi mál efni. Við höfum fengið marga tónlistarmenn til liðs við okkur, þar á meðal Skítamóral, Togga, Reykjavík, Láru, Kristmund Axel (sigurvegari söngvakeppni framhaldsskóla), Haffa Haff, 32C, Pollapönk, Bee On Ice, ÉG og Friðrik Dór.

Allir þessir listamenn ætla að gefa vinnu sína ásamt því sem við höfum fengið nokkur fyrirtæki til samstarfs við okkur, þau helstu eru: ÍR, Ölgerðin, Exton og SS. Styrktartónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 18 og er áætlað að þeim ljúki um kl. 22. Grillaðar verða pylsur og sjoppa verður á staðnum, því ætti enginn að verða svangur á meðan á hátíðinni stendur. Þetta er fjölskylduviðburður sem allir Breiðhyllingar ættu að mæta á. Nú er kjörið að íbúar hverfisins sýni hvað í þeim býr og komi á Fjölskylduhátíðina Hólmstokk til þess að styrkja gott málefni og ekki síður til þess að skemmta sér með fjölskyldu, vinum, nágrönnum og öðrum íbúum hverfisins. Það skal að lokum tekið fram að þetta er vímulaus hátíð.



Margvíslegir búningar litu dagsins ljós í Miðbergi.

## Opið í félagsmiðstöðvunum í sumar

Félagsmiðstöðvarnar Hundrad&ellefu og Hólmasel verða opnar í sumar frá og með 7. júní til og með 23. júlí. Opið verður á báðum stöðum á mánudögum og miðvikudögum frá 19 til 22. á þriðjudögum og fimmtudögum frá 14 til 22. Einnig hefur verið skipulögð risa sumarhátíð í Gufunesbæ þann 23. júní þar sem félagsmiðstöðvarnar úr Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi ætla að hittast og skemmta sér saman eina kvöldstund. Stefnt verður að því að keppa í strandblaki og fótbolta ásamt því að fara í klifur, frisbee-golf og í hjólabrettagarðinn sem þar er. Skemmtunin byrjar kl. 18 og stendur til kl. 21. Að sjálfsögðu bjóðum við öllum unglingum í Breiðholti að koma og skemmta sér með okkur.

## Starf fyrir Tíu-12 í sumar

Tíu-12 verður starfrækt í fjórar vikur í sumar, frá 11. júní til 9. júlí. Starfið verður bæði opið og í formi stuttra námskeiða. Þrjú daga vikunnar verður auglýst dagskrá en hina tvo fá krakkarnir sjálfir að ráða hvað gert verður. Hver vika verður í þemaformi sem ætti að henta öllum. Athugið

að aðeins þarf að borga og skrá á námskeiðin og kostar á hvert og eitt þeirra 300 kr. Þá daga sem ekki eru námskeið geta börnin mætt og tekið þátt í að búa til dagskrá þeim að kostnaðarlausu. Boðið verður upp á vísindaviku, íþróttaviku, menningarviku

og ævintýraviku og munum við meðal annars fara í origami og leiki, hjólaferð á Vífilfell, helluferð, sund í Álftaneslaug og hafa sérstakar stelpu- og strákasmíðu. Nánari upplýsingar á midberg.is og holmasel.is. Skráning er hafin á Rafrænni Reykjavík.



Margt verður um að vera fyrir tíu til tólf ára í sumar.

# SUMAR 2010

## UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK

### SKRÁNING ER HAFIN Í SUMARSTARF Á VEGUM ÍTR

### 6-9 ÁRA SUMARFRÍSTUND

Heilsdagsdvöl í frístundaheimili við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni. Skráning er viku í senn.



### 10-12 ÁRA SMÍÐJUR

Stuttar smíðjur og viðburðir sem standa yfir í heilan eða hálfan dag. Skráning í hverja smíðju eða viðburð fyrir sig.

### 13-15 ÁRA FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARF

Opið starf í félagsmiðstöðvum í eftirmiðdaginn og á kvöldin í sumar. Engin skráning. Opnunartími auglýstur á heimasíðum félagsmiðstöðvanna.



### ANNAÐ SUMARSTARF ÍTR

- Siglinganámskeið í Siglunesi (8-16 ára)
- Dýranámskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (10-12 ára)
- Smíðavellir í öllum hverfum (8-12 ára)

ALLAR UPPLÝSINGAR Á [WWW.ITR.IS/SUMAR](http://WWW.ITR.IS/SUMAR)

# Aldrei fleiri í stærðfræðikeppninni

Alls mættu 272 nemendur til leiks í Stærðfræðikeppni grunnskólanna í Breiðholti að þessu sinni sem verður að teljast glæsileg þátttaka. Vinningshafar í 8. bekk voru; Baldvín Flóki Bjarnason úr Seljaskóla, Brynja Rún Sævarsdóttir úr Ölduselsskóla og James Elías Sigurðsson einnig úr Ölduselsskóla.

Úr níunda bekk hlutu verðlaun þau Sóley Bene-

diktsdóttir úr Ölduselsskóla, Bjartur Hafþórsson úr Fellaskóla og Ketill Guðmundsson úr Hólabrekkuskóla. Úr tíunda bekk unnu Katrín Blöndal úr Breiðholtsskóla, Fanney Hrund Jónasdóttir úr Ölduselsskóla og Kristófer A. Montazeri úr Ölduselsskóla. Fimmtudaginn 25. mars sl. var efnt til verðlaunahófs fyrir þrjá efstu keppendur í hverjum bekk og fór verðlaunaafhendingin fram á kennarastofu FB.



Þröstur Þórhallsson, stórmeistari íhuga næsta leik gegn nemanda á fjöltefli í Hólabrekkuskóla.

## Tveir gerðu jafntefli við Þröst

Fjöltefli var haldið í hátíðarsal Hólabrekkuskóla fimmtudaginn 20. maí sl. Alls tóku 30 nemendur í öllum árgöngum þátt í mótinu gegn Þrösti Þórhallssyni stórmeistara í skák.

Vel tókst þeim til eins og jafnan áður. Tvö jafntefli voru gerð við stórmeistarann af þeim snillingum Sverri Frey Kristjánssyni og Degi Kjartanssyni, báðir nemendur í 8. bekk. Í lokin voru afhent

viðurkenningarskjöl og bækur að eigin vali. Stórmeistarann voru afhent verðlaun sem voru gjafabréf fyrir tvo á veitingahúsið Sægreifann. Hólabrekkuskóli þakkar öllum þeim sem tóku þátt og einnig fyrir góðan skákvetur. Sérstakar þakkir til Stefáns Bergssonar, skákkennara og fulltrúa Skákakademiunnar fyrir þjálfun nemenda og Birnu Halldórsdóttur starfsmanns í Hólabrekkuskóla.



Nokkrir gesta á verðlaunaafhendingunni. Fremst á myndinni má sjá Hólfríði G. Guðjónsdóttir, skólastjóra Hólabrekkuskóla.



Þessir heiðursmenn heita Jón Kr. Þorvarðarson og Sveinn Ingi Sveinsson og þeir hafa haldið utan um stærðfræðikeppni grunnskólanna í Breiðholti en hún var haldin í 11. sinn í vetur.

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

**HÝSIR.IS**

# SUMAR Í HÓLAGARÐI

**Apótekið**  
lægra verð

**BÓNUSVÍDEÓ**  
Leigan í þínu hverfi

**fætur & fegurð**  
HÓLAGARÐI - LÓUHÖLLUM 2-4  
Sími 557-5959

**BÚÁLFURINN**

*Boltinn í beinni*

S: 567 8444  
Krá • Sportbar  
Smurbrauðstofa • Snittu r  
**Gullnáman**

**reinn**  
efnalaug & þvottahús  
síðan 1975

**YR**  
HÁRSNYRTISTOFAN  
HÓLAGARÐI Sími 557 2653

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úr vali

**Snyrtivöruverlsunin**

**Manas**

Sími: 557 1644

Vönduð tískuföt á góðu verði  
Stærðir 36 - 50

**Vefta**

Tískuföt  
Hólagarði - 557 20 10  
[www.vefta.is](http://www.vefta.is)

**NAGLA FEGURÐ**  
Naglastofa ■ Skóli ■ [www.naglafegurð.is](http://www.naglafegurð.is)

Sportvörur • Leikföng • Ríttöng

**Leiksport**  
Hólagarði

Sími: 557 5020

**BONNIS**  
byður betur



*Englar og rósin*

Mánud. - miðvikud.  
kl. 12 - 18:30  
Fimmtud - Laugard.  
kl. 10 - 21:00  
Sunnudaga  
kl. 10 - 18:00

EINFALDLEGA FALLEG HÚÐ

**NIVEA**

**NÝTT!**  
BÆTT UVA-VÖRN  
VINNUR GEGN  
HRUKKUMYNDUN

SÉRÐU HVAD ÉG ER GÖMUL?  
**ÉG HEF ENGAR HRUKKUR  
TIL AÐ SANNA ÞAÐ**

**NIVEA Q10 PLUS DAGKREM MEÐ BÆTTRI UVA-VÖRN  
SEM VINNUR GEGN HRUKKUMYNDUN.**

Notaðu best geymda leyndarmál húðarinnar til að minnka hrukkur - þitt eigið Q10 kóensím. Nú einnig með bættri UVA-vörn sem vinnur gegn hrukkumyndun, sléttir og nærir húðina. Q10. Skapað af húðinni. Bætt af **NIVEA**.



# Íbúarnir í forgang!

Það líður hratt að sveitarstjórnarkosningum. Þótt þær séu haldnar í skugga rannsóknarskýrslunnar og landsmálanna megum við ekki gleyma mikilvægi þessara kosninga fyrir okkur og fjölskyldur okkar.

Sveitastjórnarstigið snýr að okkar nánasta umhverfi. Að leikskólum og grunnskólum barnanna okkar. Að götum og göngustígum. Að hraðahindrunum jafnt sem greiðfærum umferðaræðum. Að velferð okkar og okkar nánustu.

Ég held að flestir geti verið sammála um að Reykjavík sé um flest góð borg til að búa í. Við Reykvíkingar höfum kosið að búa hér enn ekki í nágrannasveitarfélögunum eða erlendum stórborgum. Hér líður okkur vel og hér viljum við ala börnin okkar upp.

Það er hins vegar ekkert sjálfgefið að Reykjavík sé slík borg. Borg þar sem íbúarnir eru settir í forgang og ráðamenn taka mið af þörfum þeirra og óskum.

Áfallið sem íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir var ekki síður högg fyrir sveitarstjórnir landsins. Þær hafa orðið fyrir tekjumissum ekki síður en ríkið og þörfin fyrir margvíslega velferðarþjónustu hefur stóruakist.

Það er gæfa okkar Reykvíkinga að borgarstjórn hefur staðið saman um að vinna úr þessu áfalli. Með samvinnu og áráðni hefur hið ótrúlega tekist nefnilega að standa vörð um grunnþjónustu við okkur íbúana, að skila halla-

lausum borgarsjóði en hækka samt ekki skatta. Fasteignagjöld hafa raunar verið lækkuð!

Við sem eigum börn hjá dagforeldrum, í skóla eða leikskóla vitum hversu mikilvægt það er að hinar erfiðu aðstæður í þjóðfélaginu hafi ekki áhrif á daglegt líf barnanna. Það hefur tekist í Reykjavík og fyrir það er maður þakklátur.

Þetta gerist á sama tíma og borgin heldur uppi verklegum framkvæmdum í landinu. Þótt ótrúlegt megi virðast hefur borgin verið að verja langtum hærra upphæðum til mannaflsfrækra framkvæmda en ríkisvaldið í heild sinni.

Í kosningunum 29. maí kjósum við um framtíðina. Þar ræðst hvernig haldið verður utan um rekstur borgarinnar á næstu árum og þá þjónustu sem hún veitir. Hvort við viljum halda áfram á sömu braut eða fara út í óvissuna.

Ég veit hvað ég vil og skora á alla að mæta á kjörstað og veita Hönnu Birnu áframhaldandi brautargengi í borginni.

Atli Kristjánsson



Atli Kristjánsson,

# Breiðholtið er á dagskrá

Samfylkingin hefur sett Breiðholtið og Breiðhýltinga á dagskrá nú fyrir borgarstjórnarkosningar. Við tökum fram í stefnu okkar, sem tekur sérstaklega á jöfnu aðgengi barna að frístundum og listnámi, að við viljum að fleiri íþróttagreinar verði í boði í Efra Breiðholti. Til að skapa atvinnu leggjum við fram áætlan um endurnýjun eldri hverfa, þannig að nú í kreppunni verði eftir til tímaþærs viðhalds og endurnýjunar á húsum og opinberum byggingum, auk endurnýjunar borgarumhverfis og útisvæða. Tökum við sérstaklega fram að byrjað verði í Breiðholti – og það ekki að ástæðulausu. Hér í hverfinu hafa sumir verslunarkjarnar látið þannig á sjá að það dregur niður umhverfið í kring, en ástæðulaus er að örvænta því hugmyndir hafa vaknað.

## Fellahverfi og atvinnusköpun

Þann 22. apríl sl. hélt Samfylkingin hugmyndasmiðju um Fellahverfið í Leiknishúsinu undir heitinu: Fellahverfi er hverfið mitt. Þangað komu íbúar og fagfólk á sviði skipulags, skóla- og velferðarmála og borgarfulltrúar Samfylkingarinnar. Fram komu nýjar hugmyndir og eldri hugmyndir vöknud af dvala. Það er hugur í fólki og því „einungis“ eftir að tryggja fé sem færir okkur fállegra umhverfi og skapar atvinnu í leiðinni. Nú þegar Ísland hefur sótt um aðild að ESB getur Reykjavíkurborg sótt um í uppbyggingarsjóði Evrópusambandsins sem

hefur einmitt verið að styrkja álíka verkefni. En borgin þarf einnig að forgangsraða sínum fjármunum í viðhald, því þannig verkefni skapa flest störf. Með þessum hætti verðum við að hugsa nú þegar 6800 Reykvíkingar eru atvinnulausir.

Hugmyndirnar eru margar og verða ekki raktar í þessari grein, en hér kemur hluti þeirra:

Mála blokkirnar í líflegum litum. Koma á líkamsræktarstöð í gamla KRON húsinu. Búa til Langagarð með því að endurgera göngustíg á bak við „lönuguvitleysuna“. Taka niður steinsteypuveggi og skapa samverustaði með bekkjum og gróðri, á litlu torgunum þremur sem eru á stígunum. Halda árlega Rykk-Rökk tónleika í Miðgarði, svæðinu milli Fella, Hóla, Vesturbergs og Austurbergs. Breiðholtið gæti orðið vagma úthverfarokksins. Koma á legg íþróttafélagi sem fæst við fjölbreyttar íþróttir fyrir alla. Þjóða heimsþekktum listamönnum að setja upp umhverfislísta verk í hverfinu.

## Fellagarðar

Verslunarkjarninn í Fellunum var kallaður Fellagarðar á þeim árum þegar ég bjó í Æsufellinu og lífið blómstraði í kringum pósthús, bakarí, banka, Veftu, Kron og fleiri verslanir. Þetta var fyrir tíma stóru verslanamiðstöðvanna og Bónus, og þangað fórum við ekki aftur nema í tímavél. En við getum með átaki sem borgin kemur að fengið aðila til að byggja upp atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem hentar okkar tíma og þeim íbúum

sem þarna búa í dag. Í gildi er skipulag sem leyfir uppbyggingu en það þarf greinilega að ýta undir hana. Það verður gert t.d. með því að færa eignarhald í hendur sem fæstra, þannig að samstaða náist um breytingar og uppbyggingu. Þá mætti nýta húsnæði sem í dag er ekki í notkun undir félagsmiðstöð í umsjá hverfisbúa. Þar gæti fjölmenningin blómstrað.

Samfylkingin hefur sett Breiðholtið á dagskrá. Það á að fá verðugan sess sem fjölbreytilegt, fjölmenningarlegt og fallett borgarhverfi. Breiðhýltingum líður vel í sínu umhverfi, en við þurfum að gera það meira aðlaðandi fyrir fleiri þannig að ímynd hverfisins því og íbúum þess til góða. Að síðustu vil ég benda á að á kosningasíðu Sjálfstæðisflokksins þar sem sérstaklega er fjallað um hverfin í borginni er Breiðholtið hvergi sjáanlegt, hvorki í því sem gert hefur verið, eða því sem framundan er. Mér finnst þetta móðgun við yfir 20 þúsund manns sem búa í Breiðholti.

Björk Vilhelmsdóttir  
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.



Björk Vilhelmsdóttir,  
borgarfulltrúi.

# Hvað gerum við fyrir 10 þúsund börn atvinnulausra foreldra?

Í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem ríkja í samfélaginu, vaxandi hraða og álags sem við búum við, er nauðsynlegt að velferðarkerfið sem við búum við verði endurskoðað með tilliti til þess að enginn niðurskurður bitni á eldri borgurum, öryrkjum og barnafjölskyldum.

Það má öllum vera það ljóst að það velferðarkerfi sem við búum við í dag er á niðurleið. Það er óskilvirkt, boðleiðir eru flóknar og orðið tímabært að breyta áherslum svo það sé auðveldara fyrir fólk að geta nýtt sér velferðarkerfið ef fólk þarf á því að halda. Í dag er staðan sú að um 10.000 börn í Reykjavík eiga atvinnulausa foreldra og skólakerfið þarf að bregðast við því með að setja fram heildstæða áætlun um hvað hægt sé að gera og hvort þurfi að gera eitthvað fyrir þau börn, því atvinnuleysi hefur álag og afleiðingar í för með sér sem bitnar á börnunum okkar þó við sjáum ekki afleiðingarnar fyrir en síðar verði.

Það á að vera augljóst hvaða þjónusta er í boði og hvar hægt er að óska eftir henni. Í dag er ekki bara þörf fyrir gott velferðarkerfi, heldur er það nauðsynlegt. Fjölga

þarf íbúðum félagsbústaða. Leiguverð á frjálsum markaði er allt of hátt og leigubætur hrökva skammt, það sér það hver maður að þetta er ekki boðlegt. Stærsta velferðarmálið í dag eru atvinnumálin og Reykjavíkurborg getur komið á móts við atvinnulífið með ýmsum hætti og þar með dregið markvisst úr atvinnuleysi. Það er ábyrgð og skylda þeirra sem stýra borginni að hjól atvinnulífsins fari í gang og það sem fyrst. Eitt helsta stefnumál H-listans framboðs Ólafs F Magnússonar er að sjá til að þetta muni gerast. Nái ég kjöri í borgarstjórn Reykjavíkur mun ég heita kjósendum því að setja ofangreind mál í forgang.

Kolbrún Kjartansdóttir.

Þannig var komið fyrir öflugum hraðahindrandi aðgerðum á Háaleitisbraut, þegar um sumarið 2008 og ætlunin að halda slíkum aðgerðum áfram á allri Háaleitisbrautinni og síðan á Bústaðavegi, Réttarhotsvegi, Stjórnugróf, Hringbraut, Hofsvallagötu og Suðurgötu, svo dæmi séu nefnd. En aðgerðirnar stöðvuðust, jafn skyndilega og þær hófust.

Hanna Birna Krisjansdóttir vildi verða borgarstjóri og myndaði meirihluta með Framsóknarflokknum bak við tjöldin og allar fyrirætlanir um umferðaröryggisframkvæmdir voru í snarhasti lagðar til hliðar. Stöðug viðleitni mín og tillöguflutningur um áframhaldandi umferðaröryggisframkvæmdir í hverfum borgarinnar hefur síðan verið stöðvuð hvað eftir annað af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Til viðbótar þessu eru nú uppi fyrirætlanir um að leyfa hækkan hámarkshraða úr 30km upp í 40 km víða í hverfum borgarinnar sem í miðborginni. Gönguleiðir barna í skóla eru þar engin undantekning.

Ófrávíkjanleg krafa okkar í H-listanum er sú að í miðborginni sem og í öllum hverfum borgarinnar sé ekki leyfður meiri ökuhraði en 30 km. Hraðinn megi ekki vera meiri nema tryggð séu mislæg tengsl gangandi og akandi umferðar. Börnum á leið í skóla eða annarri leið um hverfið, þar sem þau búa, á einfaldlega ekki

# Íbúalýðræði og umferðaröryggi

Þegar ég hitti íbúa í öllum hverfum borgarinnar á fundum mínum með borgarbúum í borgarstjóratið minni, vorið 2008, fór ekkert á milli mála að það sem lá hjarta íbúanna næst, var öryggið og mannlífið í hverfunum. Þar bar hæst umferðaröryggið og slysa-yarnirnar í nærumhverfi þeirra. Ég hófst strax handa við úrbætur í þessum málum, þó að borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins, hafi í þessum málaflökki, sem öðrum, dregið lappirnar.

Þannig var komið fyrir öflugum hraðahindrandi aðgerðum á Háaleitisbraut, þegar um sumarið 2008 og ætlunin að halda slíkum aðgerðum áfram á allri Háaleitisbrautinni og síðan á Bústaðavegi, Réttarhotsvegi, Stjórnugróf, Hringbraut, Hofsvallagötu og Suðurgötu, svo dæmi séu nefnd. En aðgerðirnar stöðvuðust, jafn skyndilega og þær hófust.

Hanna Birna Krisjansdóttir vildi verða borgarstjóri og myndaði meirihluta með Framsóknarflokknum bak við tjöldin og allar fyrirætlanir um umferðaröryggisframkvæmdir voru í snarhasti lagðar til hliðar. Stöðug viðleitni mín og tillöguflutningur um áframhaldandi umferðaröryggisframkvæmdir í hverfum borgarinnar hefur síðan verið stöðvuð hvað eftir annað af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Til viðbótar þessu eru nú uppi fyrirætlanir um að leyfa hækkan hámarkshraða úr 30km upp í 40 km víða í hverfum borgarinnar sem í miðborginni. Gönguleiðir barna í skóla eru þar engin undantekning.

Ófrávíkjanleg krafa okkar í H-listanum er sú að í miðborginni sem og í öllum hverfum borgarinnar sé ekki leyfður meiri ökuhraði en 30 km. Hraðinn megi ekki vera meiri nema tryggð séu mislæg tengsl gangandi og akandi umferðar. Börnum á leið í skóla eða annarri leið um hverfið, þar sem þau búa, á einfaldlega ekki

að bjóða upp á annað.

Þegar margsvikulir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins koma nú fram nokkrum dögum fyrir kosningar og segjast vilja bæta umferðaröryggið í borginni verður manni einfaldlega flökt. Hvíllík hræsnir og tækifærimennska! Atvinnustjórnarmálamönnum í efstu sætum Sjálfstæðisflokksins sem og hinna fjórflokkanna er ekki treystandi.

Þess vegna er það brýn nauðsyn að færa völdin úr höndum þeirra til íbúanna í öllum hverfum borgarinnar. Það munum við fulltrúar H-lista, framboðs um heiðarleika og almannahagmunni, gera. Því má treysta, því að á 20 ára borgarstjórnarferli mínum, hef ég ávallt staðið við orð mín og hlýtt sannfæringu minni. Það munum við öll, fulltrúar H-listans gera, enda erum við óháð styrkjum

og fjárframlögum hagsmunaaðila, öfugt við fjórflokkinn og fíflalátaframboð Æ-listans. Öryggi í umferðinni er nefnilega d a u ð a n s alvara og borgarbúar verða að styrkja forvarnir og efla mannlífið í hverfunum með að kjósa þá til áhrifa, sem starfa af alvöru og heiðarleika í þágu almannahagsmunna

Ólafur F. Magnússon, oddviti H-lista, framboðs um heiðarleika og almannahagmunni



Ólafur F. Magnússon

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Mikið úrval af sumarleikföngum.

Barna HM-sett kr. 3.995.-

Leiksport Sími 5575020 Hólagarði

borgarblod.is

HYSIR.IS



# Reykjavík er aflið út úr kreppunni

- borgin þarf að taka forystu

Kosningarnar í vor snúast um pólitík hins daglega lífs. Að allir hafi vinnu, vel sé búið að börnunum okkar og að borgin tryggji öryggi íbúa og velferð. Val kjósenda í vor stendur á milli stjórnmála afskiptaleyss sem kristallast í stefnu Sjálfstæðisflokksins um að bíða af sér kreppuna. Það er hugmyndafræðin sem brást. Hinn valkosturinn er að stjórna borginni í anda klassískrar jafn- aðarstefnu og beita borginni af öllu afli gegn kreppunni. Við þurfum vinnu, við þurfum velferð og við þurfum öryggi. Það er hlutverk borgarstjórnar að vinna að þessu þrennu. Og það er hægt. Við verðum að tryggja að Reykjavíkurborg haldi ekki að sér höndum og hætti með framkvæmdir eða uppbyggilegt samstarf í atvinnumálum. Viðhaldsverkefni eru einmitt góð til þess að halda uppi vinnu í kreppu. Þau hefur meirihlutinn því miður skorið inn að beini.

## Hlutverk borgarinnar er að taka forystu

Er réttlætlanlegt að taka lán til þess að halda uppi atvinnustigi, til þess að fara í verkefni sem skapa atvinnu og tekjur fyrir sveitarfélagið? Ég segi tvímæla- laust, já. Skynsamlegast fyrir borgina er að vinna með öllum, eins og ferðapjónustunni og kvikmyndagerðafólki, sem geta hjálpað Reykjavík hraðar af stað vegna þess að tekjur borgarinnar byggja á því að fólk hafi vinnu – og flytji ekki úr landi. Atvinnan er undirstaðan fyrir velferðina og skólana svo fátt eitt sé nefnt og auðvitað fyrir okkur sjálf. Núna er 11% atvinnuleysi í Reykjavík og hvert einasta prósent í atvinnuleysi kostar borgina einn milljarð á ári. Það sem meira er að þetta eru

7.000 einstaklingar, sem eiga fjölskyldur og hafa margir fyrir börnum að sjá. Það skiptir miklu máli hvort við getum flýtt því að komast út úr kreppunni um eitt til tvö ár. Það er mögulegt með því að Reykjavíkurborg taki mun virkari þátt í því að hraða fyrir uppbyggingunni og vextinum í þeim greinum sem eru tilbúnar að vaxa.

## Forgangsröðum í þágu þeirra sem verst standa

Ég vil hækka viðmiðunarmörk lágmarksframfærslunnar úr 125 þúsund krónum í 160 þúsund krónur. Við verðum að horfast í augu við það að fátækt er að skjóta rótum á Íslandi. En við eigum ekki að sætta okkur við það. Mér finnst ekki koma til greina að sitja bara í ráðhúsinu og horfa á raðirnar hjá mæðrastyrksnefnd og fjölskylduhjálpinni lengjast. Það hvernig við komum fram við þá sem hafa það verst er mælikvarði á það hvernig við stöndum okkur sem samfélag. Í framhaldi af því að hækka viðmiðunarmörkin þarf að fara í sérstakar aðgerðir varðandi börnin. Börnin mega ekki undir nokkrum kringumstæðum verða útundan.

## Ódýrari frístundir fyrir börn og fjölskyldur

Krepputímar geta bitnað illa á börnum en borgarstjórnarflokkur Samfylkingarinnar er með tillögur til að sporna við því. Góðir skólar og örugg afkoma fjölskyldnanna er það sem mestu máli skiptir í lífi barna. Það skiptir líka ótrúlega miklu að öll börn sem á annað borð hafa áhuga geti stundað íþróttir, kynnt listum og verið með jafnöldrum sínum í skipulögðu frístundastarfi. Við höfum lagt mikla áherslu á þessi mál-

efni barna og ungmenna á kjörtímabilinu og tvívegis með stuttu millibili lagt fram tillögur í borgarstjórn um leiðir til að gera frístundir ódýrari fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Við vitum af reynslu Finna og fleiri að krepputímar geta bitnað illa á börnum og í raun búið til tvær þjóðir í landinu. Það má ekki gerast. Við lítum á það sem samstarfverkefni alls samfélagsins að standa vörð um jöfn tækifæri allra barna.

## Vonin og valið í vor

Síðast en ekki síst er það hlutverk Reykjavíkur og borgarstjóra að kveikja og næra von um sterkari borg og betra samfélag þar sem við lærum af reynslunni. Við eigum að horfa til framtíðar þar sem lausnir koma í stað kreddu, umhyggja og nágrannasamfélag í stað eigingirni og afskiptaleyss, samhjálpi í stað kapphlaups eftir innantómum gæðum og umburðarlyndi í stað dómhörku. Borgarbragurinn eins og gott hverfi byggir á okkur sjálfum. Í góðri borg fer saman óttaleysi og fjölbreytni, tilhlökkun gagnvart framtíðinni, ásamt hæfilegri blöndu af íhaldssemi og forvitni fyrir hinu nýja. Reykjavík er aflið sem mun koma Íslandi út úr kreppunni.

*Dagur B. Eggertsson skipar fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.*



Dagur B. Eggertsson.

# Velferð og uppbygging án skattahækkana

Það eru erfiðir tímar í íslensku samfélagi og sér þess því miður stað í flestum sveitarfélögum landsins. Einstaklingar og fjölskyldur eiga erfiðara með að láta endum ná saman og atvinnuleysi hefur aukist.

Staðan er vissulega ekki góð en það er einlæg skoðun mín að á öllum tímum eigi menn sóknarfæri – jafnvel þótt þau blasi ekki alltaf við. Hjá Reykjavíkurborg hefur ekki verið farin sú leið að hækka skatta á borgarbúa til að afla frekari tekna heldur hefur verið beitt markvissum aðhalds- aðgerðum, í góðri samvinnu við starfsfólk borgarinnar, og málefnum forgangsraðað í þágu barna og velferðar. Með því móti er staðinn vörður um grundvallaratriði í þjónustu borgarinnar en um leið reynt að hafa hemil á vaxandi útgjöldum borgarbúa sem dynja á fólk úr ýmsum áttum.

## Mannafisfrekar framkvæmdir í forgang

Á tímum sem þessum er það skylda borgarinnar að um leið og ráðdeild er sýnd í reksti verði lögð áhersla á mannaflsfrekar viðhaldsframkvæmdir þegar kemur að útgjöldum. Fegur hverfa og kynning á möguleikum borgarinnar, jafnt fyrir ferðamenn sem hingað koma til lengri eða skemmrir dvalar eða fjárfesta sem vilja koma á fót atvinnustarfssemi, er annað dæmi um fjárfestingar sem er vel varið. Þá viljum við fara í enn fleiri átaksverkefni í samvinnu við atvinnuleysistryggingasjóð til að nýta allar vinnufúsar hendur.

## Grundvallaratriðin verða að vera í lagi

Við leggjum áherslu á að ekki megi skerða grunnþjónustu í leikskólum og skólum. Okkur ber að tryggja gæði menntunar fyrir börnin í borginni. Grundvallaratriðin verða að vera í lagi hvað sem á dynur. Þá viljum við koma til móts við útgjöld heimilanna með því að bjóða upp á ókeypis hafragraut og lýsi í öllum skólum

borgarinnar og að reyna að draga úr kostnaði við skutl foreldra með því að samþætta frístundir og skóla enn frekar en nú er gert. Við viljum enn fremur hækka frístundakort- ið sem hefur gefið svo góða raun, upp í 40.000 kr. á kjörtímabilinu.



Einar Skúlason.

## Heiðarleiki umfram allt

Frambjóðendur Framsóknarflokksins heita því að starfa með hagsmunum borgarbúa að leiðarljósi og sýna þeim kurteisi, virðingu, trúnað og heiðarleika í viðmóti og umræðu. Við ætlum að gegna störfum okkar af samviskussemi, trúmennsku og heiðarleika. Við höfum jafnrétti að leiðarljósi og ætlum að vinna gegn hvers konar fordómum og mismunum. Ég bið þig Reykjavíkingur góður að kynna þér áherslumál okkar og það hvað frambjóðendur flokksins standa fyrir. Umfram allt heitum við því að gera okkar besta á næsta kjörtímabili.

*Einar Skúlason skipar efsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík.*

**Gerðu góðverk í dag**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

# Vatnsmýraraudæfin eyða kreppunni

Ítrekað fórnar fjórflokkurinn hagsmunum borgarbúa í valda- brólti sínu á landsvísu og virðist oft sem kjörnir fulltrúar hans líti á störf sín í borginni sem æfingavöll og auglýsingu fyrir þingmennsku. Nægir að nefna flugvallar- og Sundabrautarmálin í því sambandi.

REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ berst fyrir borgarbúa. Við erum óháð kjördæmapoti fjórflokksins á landsbyggðinni og því getum beitt okkur að fullu fyrir hagsmunum þeirra.

Stefna REYKJAVÍKURFRAMBOÐSINS er:

- Að amk. 70 milljarða króna auðæfi Reykvíkinga undir flugbrautum í Vatnsmýri verði til ráðstöfunar fyrir borgarbúa strax, með því að selja þar byggingarlóðir.

- Að af þessum 70 milljörðum króna verði allt að 7 milljarðar kr. notaðir árlega í 3-4 ár til að eyða kreppuáhrifum á borgarbúa svo hvorki þurfi að hækka útsvar og þjónustugjöld né að draga úr þjónustu við borgarbúa eða minnka nýframkvæmdir og viðhald á vegum borgarinnar.

- Að Reykjavíkurborg nýti hluta auðæfanna í Vatnsmýri til að verja Orkuveitu Reykjavíkur, ef með þarf.

- Að setja auknið fé í að styðja fátæka, td. með beinum hætti, með aukinni menntun og starfsþjálfun.

- Að styrkja fjölskylduhjálpa- ina með aukinni fjárhagsaðstoð og fella niður húsaleigu til sam- takanna svo þau geti aðstoðað nauðstadda Reykvíkinga þar til

þeir hafa atvinnu og geta verið án stunings.

- Að koma atvinnumálum í borginni á fulla ferð með fjár- stuðningi við nýframkvæmdir, viðhald og nýsköpun og með breyttri forgangsröðun í aðgerð- aráætlun borgarinnar þannig að hún henti sem flestum Reykví- kingum

- Að bæta þjónustu Strætó í borginni og einnig ýmsa aðra þjónustu.

Við viljum að þjónustan, sem horfin er úr hverfum borgarinnar komi aftur inn svo sem lög- reglustöðin. Að þessu viljum við vinna.

- Að stuðla að því með íbúum og íbúasamtökum í hverfum borgarinnar að komið verði á fót þriðja stjórnstýslustiginu úti í hverfunum í líki hverfaráða. Þau fái stóraukið fjármagn og viðtækara verkvið, sem lúta að hverfinu sjálfu.

REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ mun, ólíkt fjórflokknum, beita sér af alefli í peningalegum sam- skiptum borgar og ríkis þannig að ekki halli á borgarbúa, td. varðandi skiptingu vegafjár.

Hvað varðar Breiðholt sér- staklega vill REYKJAVÍKUR- FRAMBOÐIÐ:

Að á næsta kjörtímabili rísi nýtt íþróttahús ÍR í S-Mjódd enda margbúið að lofa ÍR-ingum því húsi og hönnun þess hér- umbil lokið.

Að settur verði þrýstingur á Alþingi og ríkisstjórn að ríkið ráðist strax í gerð mislægu gatnamótanna Reykjanesbraut- Bústaðavegur, sem Vegagerð-

in ætlaði að gera 2007 en allir 15 pólitíkusar í borgarstjórn afþökkuðu þessa þjóð- þrifafram- kvæmd á kostnað rík- isins vegna þess að mannvirk- ið væri svo ljótt!

Að ríkið geri göngu- brú yfir Breiðholts- braut austan við Select enda er það þekktur slysastaður og mikil bót er að því að tengja betur saman Fella- og Hólahverfi og Seljahverfið til þess ma. að samnýta betur en nú þjónustustofnanir í báðum hverfunum.

Að 30 km. götum í hverfunum verði fjölgað, hraðahindranir settar á þær eftir þörfum og umferðaröryggi almennt aukið í hverfunum.

Að skíðabrekkan í Vatnsenda- hverfi verði hækkuð og gerð battari að ofanverðu til bæta rennslið í brekkunni.

*Jónína Melsteð er í 7. sæti á lista Reykjavíkurfraðboðsins X-E Örn Sigurðsson er í 10. sæti á lista Reykjavíkurfraðboðsins X-E*



Jónína Melsteð.



Örn Sigurðsson.

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298  
borgarblod@simnet.is

EFNALAUGIN  
BJÖRG  
MJÓDD  
Stífar 1952

Opnum klukkan  
**8:00**  
alla virka daga.

## Alltaf nóg að gera og gaman í sundi



Krakkarnir í Ægi hafa ekki setið auðum höndum nú frekar en fyrri daginn.

Yngri hópar félagsins skelltu sér í æfingabúiðir í Borgarfjörðinn í lok apríl þar sem þau æfðu af kappi og höfðu gaman saman. Það voru þreyttir og ánægðir krakkar sem komu heim eftir helgina, en sum voru þarna að fara í sína fyrstu ferð þar sem gíst var yfir helgi. Þessa sömu helgi fóru svo nokkrir eldri Ægiringar sem hafa verið að æfa með görpum í nokkra mánuði á IMOC sem er íslandsmeistararnót garpa í sundi. Þeim gekk ótrúlega vel og komu heim hláðin verðlaunum. Þau vona svo bara að á næsta ári verði garpa-hópurinn orðinn enn stærri og ætla sér stóra hluti en þetta er í fyrsta skipti í sögu félagsins sem garpar hafa verið að æfa með félaginu.

Helgina 14.-16. maí héldu Ægiringar til Reykjanesbæjar til að taka þátt í Sparisjóðsmóti ÍRB. Þar gekk mjög vel og fleiri sundmenn náðu lágmarkum á AMÍ og aðrir bættu við sig lágmarkum í fleiri greinum. Einhverjir voru svo bara að keppast við að bæta sína bestu tíma og gekk vel í því. Í mótslok fengu svo stigahæstu einstaklingar í flokkunum 13-14 ára og 15 ára og eldri bikar en það voru Ægis stúlkur sem unnu bikarinn í báðum aldurshópunum. Hjá 13-14 ára vara það Rebekka Jaferian og hjá 15 ára og eldri varð það Eygló Ósk Gústafsdóttir, við óskum þeim innilega til



hamingju með þennan frábæra árangur.

Næsta verkefni hjá eldri hópunum verður svo Bikar keppnin sem fer fram í Reykjanesbæ 28. og 29. maí og þar eiga Ægiringar titil að verja. En yngri hóparnir stefna á Akranesleikana í byrjun júní en það verður síðasta mótið hjá þeim krökkum sem ekki fara á AMÍ en jafnframt möguleiki til að ná AMÍ lágmarkum og bætast í þann hóp. En nú þegar eru 39 krakkar komnir með lágmark á AMÍ.

Við minnum svo líka á okkar frábæra sumarsundskóla sem hefst í Ólduseli 7. júní og í Breiðholti þann 21. júní en nánari upplýsingar um hann er að finna á heimasíðu félagsins [www.aegir.is](http://www.aegir.is). Það er tilvalin staður til að byrja og slást í hóp þessara flottu sundkrakka en skólinn er fyrir krakka frá 4 ára aldri.

R.G.  
Myndir Benedikt Ægisson



Benedikt Ægisson



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfarastjóri



Frímarr Andrésson  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • [www.utfor.is](http://www.utfor.is)

# Landsbankinn eykur stuðning sinn við ÍR

Landsbankinn er aðalbakharl allra deilda Íþróttafélags Reykjavíkur og það er útibúið í Mjódd sem stendur þétt að baki ÍR-ingum. Núgildandi samningur við ÍR var gerður árið 2009 en um miðjan maí var skrifað undir nýjan viðbótarsamning sem kveður á um að Landsbankinn verði bakharl körfuknattleiksdeildar ÍR.

„Við erum afar stolt af stuðningi okkar í gegnum árin við ÍR,“ segir Friðgeir Magni Baldursson, útibússtjóri Landsbankans í Mjódd. „Útibú Landsbankans í Mjódd hefur alla tíð staðið framarlega í þjónustu við samfélagið og í samstarfsverkefnum með atvinnulífínu. Allt frá stofnun hefur Landsbankinn Mjódd verið aðalstyrktaraðili ÍR, auk ýmissa samfélagsverkefna annarra í gegnum árin.“

Landsbankinn opnaði útibú í Mjódd þann 3. september 1982 eða fyrir nær 28 árum síðan. Þetta var á bernskuárum Breiðholtsins og Landsbankinn því einn frumbyggja í Mjóddinni. Ófáir viðskiptavinir hafa stigið sín fyrstu skref í bankaviðskiptum, með uppruna samskipta frá einhverjum af samfélagsverkefnum bankans. Margir þessara hafa hafið sparnað eða keypt sína fyrstu eign með stuðningi útibúsins í Mjóddinni. Friðgeir Magni, sem hefur yfir 20 ára starfsreynslu í Landsbankanum lengst af sem útibússtjóri, kom til starfa sem útibússtjóri í Mjódd fyrir ári síðan.

### Stóraukin viðskipti

Útibú Landsbankans í Mjódd er eitt af stærri útibúum landsins og þar hefur viðskiptavinum fjölgað jafnt og þétt – og nú síðast með fækkun útibúa í hverfinu. Fjölmargir hafa flutt sig yfir til Landsbankans og viðskiptavinum fjölgað. „Til að mæta þessu höfum við lagt okkur mikið fram við að bæta þjónustuna enn frekar. Einstaklings- og fyrirtækjaþjónusta hefur verið eflað mikið og verkefni endurskilgreind. Landsbankinn leggur áherslu á skilvirkni, áreiðanleika og fagmennsku gagnvart öllum viðskiptamönnum bankans. Aðstæður hafa verið krefjandi og því skiptir miklu að hafa valinn mann í hverju rúmi til að tryggja árangur. Í Landsbankanum í Mjódd starfa um 30 manns, kraftmikill hópur af báðum kynjum,“ segir Friðgeir.

### Þjónusta eflað enn frekar

„Til að mæta meira annríki í afgreiðslusalnum sjálfum höfum við gripið til ráðstafana til að efla þjónustu enn frekar. Í útibúinu hefur bankinn boðið viðskiptamönnum að skila af sér mynt í sérstakri talningavél. Á næstunni verður gert betur þar sem viðskiptamenn geta þá talið mynt og lagt inn beint á reikning sinn, án þess að þurfa nokkra aðstoð. Þetta



Friðgeir Magni Baldursson, útibússtjóri í Mjódd.



Nýr viðbótarsamningur undirritaður vegna stuðnings við körfuknattleiksdeild ÍR. Frá vinstri: Hörður Heiðar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri ÍR, Friðgeir Magni Baldursson útibússtjóri í Mjódd, Björn Ingi Hrafnsson formaður aðalstjórnar ÍR og Guðríður Hauksdóttir sérfræðingur í Mjódd.

verður einsdæmi í bankakerfinu á Íslandi og án endurgjalds fyrir viðskiptavinum Landsbankans í Mjódd,“ segir Friðgeir.

„Útibúið hyggst ennfremur bæta við öðrum hraðbanka í útibúið, sem verða þá bæði staðsettir í anddyri og inni í útibúi. Auk þess eru tvær tölur tiltækar í afgreiðslusal fyrir viðskiptavinum, sem geta þannig nýtt sér afgreiðslu í netbönkum Landsbankans, án gjaldtöku,“ bætir Friðgeir við.



Gerðubergssafn,  
Gerðubergi 3-5  
sími 557 9122  
[gerduberg@borgarbokasafn.is](mailto:gerduberg@borgarbokasafn.is)

## Ritsmiðja fyrir 8 - 12 ára

14.–18. júní, kl. 9.30-12.00.

Í ritsmiðjunni er lögð áhersla á skapandi skrif barnanna sjálfra og myndskreytingu. Leiðbeinandi er Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur og starfsmenn safnsins.

Ekkert þátttökugjald.

Skráning í síma 557 9122 (Bergrós) eða á [bergros.hilmarsdottir@reykjavik.is](mailto:bergros.hilmarsdottir@reykjavik.is)

## Sumarafgreiðslutími Gerðubergssafns

17. maí - 31. ágúst.

Mánudaga - fimmtudaga 10-19.

Föstudaga 11-17.

Lokað um helgar í sumar.

Safnið verður lokað vegna sumarleyfa, frá 19. júlí til og með 8. ágúst.



# Bjarki þjálfar í handboltanum

Bjarki Sigurðsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla í handknattleik hjá ÍR. Bjarki er uppalinn í Víking, lék með félaginu upp alla yngri flokka og hefur unnið alla titla sem hægt er að vinna í meistaraflokki með Víking og Aftureldingu.

Bjarki á að baki 230 landsleiki fyrir Íslands hönd og var m.a. valin í Heimslíðið árið 1994 en þar lék hann m.a. með Magnus Andersson, Per Carlén, Staffan Olsson og Mats Olsson. Landsliðsþjálfari Svía, Bengt Johannsson, stjórnáði heimslíðinu. Í framhaldi af farsælum ferli hjá Víking og Aftureldingu hélt Bjarki í atvinnumennsku til Drammen í Noregi. Bjarki þjálfaði síðar meistaraflokks lið karla hjá Aftureldingu árin 2000 til 2002 og svo aftur 2006 til 2008.

Bjarki tekur við liðinu af Viggó Sigurðssyni, sem stýrt hefur liðinu frá því í febrúar en Viggó tók þá við af Andrésí Gunnlaugssyni. Andrésí og Viggó fær- um við þakkir fyrir gott starf með meistaraflokkinn.



Ólafur Gylfason form. handknattleiksdeildar ÍR t.v. og Bjarki Sigurðsson handsala samninginn.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Myndsími: 587 7081  
Tölvupóstur: hordur@irsida.is  
Heimasíða: ir.is

## Körfuknattleiksdeild ÍR gerir samning við leikmenn



Hér má sjá nokkra af þeim leikmönnum sem skrifuðu undir samning við ÍR. F.v. Gunnar Sverrisson þjálfari, Kristinn Jónasson, Þorgrímur Kári Emilsson, Vilhjálmur Theodór Jónsson, Björgvin Jónsson, Davíð Fritzon, Vilhjálmur Steinarsson, Gunnar Þór Gunnarsson formaður kkd ÍR og Elvar Guðmundsson. Á myndina vantar hinsvegar þá Ásgeir Hlöðversson, Benedikt Skúlason og Eirík Önundarson.

ÍR-ingar ætla sér stóra hluti í körfubolta næstu árin og því gerði körfuknattleiksdeild ÍR samning við nokkra leikmenn sína en það er stefna deildarinnar að allir leikmenn geri slíkan samning.

Á sama tíma gerðu ÍR-ingar samning við Vilhjálm Steinarsson styrktarþjálfara sem mun sjá um að liðið verði í sínu allra besta formi fyrir átökin á næstu leiktíð.

## Margir á skíðum þrátt fyrir snjóleysi

Vaskur hópur ÍR-inga hélt til Akureyrar helgina 21 til 24. apríl á eitt stærsta skíðamót hér- lendis, Andrésar Andarleikana en þar eru keppendur á aldrinum 6 til 15 ára.

ÍR-ingar áttu 34 keppendur á leikumum að þessu sinni og svo má gera ráð fyrir að nærri 50 aðrir hafi fylgt með, foreldrar, systkini, vinir og þjálfarar. Glatt var á hjalla og hugur í keppendum enda náðu krakkarnir í ÍR mjög góðum árangri og uppskáru ríkulega eftir erfiðan æfinga- og keppnisvetur. Helga Vilhjálmisdóttir varð t.d. tvöfaldur Andrésar Andarmeistari og Arnar Kristgeirsson náði í tvenn silfurverðlaun og Unnur Ársælsdóttir náði í silfurverðlaun í stórsvigi eins og Sigurður Hauksson og Nökkvi Þór Eðvarðsson. Í bronsverðlaun náðu Eggert Ólafsson sem og Daníel Ólafsson, svo eitthvað sé nefnt.



Frá skruðgöngu á Andrésarleikumum.

skíðum í vetur m.a. afreksbikarinn. Hann hlaut að þessu sinni Sigurður Hauksson, 14 ára, fyrir frábæran árangur á skíðamótum í vetur en Sigurður hefur verið í fremstu röð í sínum aldursflokki og í mikill framför.

### Skíðaráð Reykjavíkur.

Skíðaráð Reykjavíkur var með lokahóf 19. maí og fengu ÍR-skíðakrakkarnir fjölmörg verðlaun og unnu til margra titla og ljóst að framtíðin er björg í Breiðholti þegar kemur að alpagreinum á skíðum en æfinga- og keppnis- svæðið okkar í Bláfjöllum mætti

gjarnan vera opið meira. Þó keppnistímabilinu sé lokið þá eru sumir enn að æfa og verða einhverjir við æfingar í sumar erlendis, slík er eljan og áhuginn á íþróttinni.

### Þakkir til velunnara

Nú er lokið þessum snjó- lausa skíðavetri en með góðum stuðningi og jákvæðum móttökum íbúa í Breiðholti og víðar hefur krökkunum, þjálfurum og aðstandendum í ÍR skíðadeild tekist nánast hið ómögulega - að halda úti öflugri skíðadeild. Takk fyrir stuðninginn.

### Guffa mótið á Mývatni

Á Guffamótinu sem haldið var um mánaðarmótin apríl/maí við Mývatn sigraði Magnús Már Magnússon og Svanur Óðinson hreppit annað sætið. Frábær árangur hjá þeim félögum í 14 ára flokki drengja.

### Afreksbikarinn 2010

Á lokahófi skíðadeildarinnar þann 4. maí sl. voru veitt ýmiss verðlaun fyrir góðan árangur á

## ÍR á góðri siglingu í fótboltanum

Þegar þessi orð eru skrifuð eru ÍR-ingar efstir í 1. deildinni eftir þrjár umferðir með fullt hús stiga.

Það þýðir samt ekki að tíma- bilið sé búið nema síður sé, það er rétt að byrja. Við hvetjum alla Breiðhyltinga sem og aðra dygga stuðningsmenn ÍR að sýna sig á vellinum í sumar, hvatning

og samhugur skiptir miklu máli í þeirri baráttu sem framundan er hjá strákunum. Einnig eru strákar- narnir komnir áfram í bikarnum eftir sigur á KFK 7-2

Stelpurnar okkar hafa spilað einn leik í sumar í bikarnum gegn Tindastól þegar þessi orð eru skrifuð. Þær töpuðu þeim leik en framundan er mikil baráttu í

1. deildinni. Við erum með mikið breytt lið frá því í fyrra og er æt- unin að byggja upp nýtt lið sem á að spila aftur meðal þeirra bestu þegar fram liða stundir. Við eigum margar ungar og efnilegar stelpur sem klárlega verður gaman að fylgjast með í sumar.

## Andrés þjálfar meistaraflokk kvenna í handbolta



Andrés Gunnlaugsson fyrir miðju ásamt forráðamönnum handknattleiksdeildar ÍR handsala samninginn.

Andrés Gunnlaugsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna í handknattleik hjá ÍR en liðið mun leika í N1-deildinni næsta vetur.

Andrés tekur við liðinu af Jelenu

Jovanovic sem hefur verið með liðinu frá því í vetur. Jelenu fær- um við þakkir fyrir gott starf með meistaraflokkinn. Andrés mun ein- nig þjálfva 3. flokk kvenna auk þess að vera yfirþjálfari yngri flokka ÍR.

## Nýtt veffang - ir.is

Þann 30. apríl opnaði ÍR nýjan vef en það er [www.ir.is](http://www.ir.is). Hörður Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri segir ÍR-inga lengi haft augastað á þessu veffangi en það var í eigu Iðnskólans í Reykjavík. Þegar Tækniskólinn varð til skiptu þeir um veffang og gáfu af sinni góðmennsku þetta veffang til okkar sem við höfum lengi reynt að fá.

Hörður segir ÍR-inga vilja færa Tækniskólanum miklar þakk-

ir og nú þurfi ÍR-ingar sem og aðrir ekki að eiga í erfiðleikum með að muna veffang Íþróttafélags Reykjavíkur sem er eins og áður er getið [ir.is](http://ir.is) Þess má geta að þeir sem vilja kynnast Tækniskólanum geta farið inná heimasíðu þeirra sem er [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is) Samhliða þessu hafa allir starfsmenn ÍR fengið nýtt netfang en það endar að sjálfsögðu á @ir.is Sjá nánar um það inná heimasíðu félagsins.



HALTU ÁFRAM  
POWERADE



INTERSPORT



**BÚÁLFURINN**  
HÓLAGARÐI

**KYNNIR:**  
boltinn í beinni



**Sýnum alla leiki í HM**  
& flottustu leikirnir á  
**RISASKJÁM**

**bolta  
tilboð**

**lifandi  
tónlist  
um  
helgar**

**Opið**  
Mán - fim 11:30 - 1:00  
Fös-lau 11:30 - 3:00  
Sun 11:30 - 1:00

**BÚÁLFURINN - HÓLAGARÐI**  
HRERFISBARINN YKKAR

**Carlsberg®**  
LÉTTÖL